



# Háskólinn á Akureyri

Hug- og félagsvísindasvið

Kennaradeild-menntunarfræðibraut

## „Lagasmiðja“

Valáfangi á unglíngastigi í samstarfi tónlistar- og grunnskóla

Guri Hilstad Ólason

Akureyri

janúar 2014

**Háskólinn á Akureyri**

Hug- og félagsvísindasvið

Kennaradeild-menntunarfræðibraut

## „Lagasmiðja“

Valáfangi á unglíngastigi í samstarfi tónlistar- og grunnskóla

Guri Hilstad Ólason

Meistaraprófsritgerð lögð fram sem

hluti af námi til M.Ed.-prófs í kennara- og menntunarfræði

Akureyri, janúar 2014

## Ágrip

Rannsóknir á áhrif tónlistarnáms á börn og unglunga sýna að þeir nemendur sem stunda tónlistarnám standa betur námslega og þeim líður betur í skólanum, auk þess sem að minni líkur eru á að þeir sýni frávikshæðun. Einnig sýna rannsóknir að nemendur vilja meira verklegt nám og nám sem tengist áhugasviði þeirra. List- og verknám hefur forvarnargildi, sérstaklega hjá nemendum sem standa höllum fæti í bóklegu námi og eru í brottfallshættu.

Hér verður kynntur verklegur námsáfangi í tónmennt með áherslu á áhugasvið nemenda. Áfanginn stuðlar að samstarfi á milli grunn- og tónlistarskóla og einnig samstarfi á milli faggreinakennara á unglingastigi grunnskólans. Nafnið á honum er Lagasmiðja og byggir á því að nemendur semja lag og texta auk þess sem þeir læra á hljóðfæri til þess að geta flutt lögin sín sjálfir. Þetta er samþættur námsáfangi þar sem tónmennt, enska og upplýsingamennt koma við sögu. Námsáfanginn er samstarfsverkefni á milli grunn- og tónlistarskóla auk þess sem fleiri kennarar innan grunnskólans koma að samstarfinu. Tónmenntarkennari grunnskólans ber faglega ábyrgð á áfanganum og heldur utan um hann en allir kennarar sem koma að honum vinna sem teymi. Hefð hefur verið fyrir samstarfi af þessu tagi á Íslandi í svokallaðri forskólakennslu en í þessum áfanga er samstarfið tekið skrefinu lengra og það er yfirgrípsmeira. Lagasmiðjan er verklegur áfangi og hentugt námsframboð fyrir alla nemendur, einnig þá sem eiga í erfiðleikum í bóklegum greinum.

Í verkefninu eru einnig kynntar nokkrar leiðir til samþættingar námsgreina og mikilvægi þess að velja þá leið sem hentar best til þess að ná settum námsmarkmiðum.

## Abstract

Research on music education's impact on children and young people show that students that also learn music achieve more and are happier in school than those who don't. These students are also less likely to manifest risk behaviour. Research also indicate that students want to experience more practical learning and learn something that coincides with their area of interest. Arts and practical subjects have a preventive effect, especially on students that struggle academically and potential dropouts. In this thesis I present a practical course in music with emphasis on the students' area of interest. The course generates collaboration between elementary and music schools and also between individual teachers on the upper level of the elementary school. It's called Song-factory and students are expected to write songs and lyrics besides learning how to play an instrument and becoming able to perform their own songs. The course is an integrated course including the subjects music and English and it's also a collaboration project between the elementary school and the music school as well as between teachers within the elementary school. The music teacher in the elementary school carries the responsibility of the course, although all the teachers involved work as a team. There exists a tradition of collaboration between these types of schools here in Iceland in socalled preschooling, but in this project the collaboration is more comprehensive.

Several ways of integrated teaching are also presented besides the importance of choosing which kind of integration is best to reach the learning goals.

## Formáli

Ritgerð þessi er unnin við menntunarfræðibraut Háskólans á Akureyri og er lokaverkefni í meistaranámi í kennara- og menntunarfræði. Vægi ritgerðarinnar er 30 ECTS. Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólanum á Akureyri, hefur verið leiðbeinandi í þessu verkefni og færi ég honum mínar bestu þakkir. Arnlín Óladóttir og Magnús Rafnsson hafa lesið yfir og verið mér til aðstoðar varðandi málfar og íslenska málfræði og er ég þeim ævinlega þakklát fyrir ómetanlega hjálp og stuðning. Einnig vil ég þakka Ingibjörgu Erlingsdóttur og Gyðu Björgvinsdóttur fyrir góðar og gagnlegar ábendingar og aðstoð. Eiginmaður minn Óli Jón Ólason og synir mínir Óli Jón og Alexander fá einnig þakkir mínar fyrir sýnda þolinmæði og stuðning á meðan þetta námsferli hefur staðið yfir hjá mér.

## Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	6
2. Tónmenntarkennsla.....	9
2.1 Lög um grunnskóla .....	9
2.2 Tónmennt .....	10
2.3 Kennsla í tónlistarskóla.....	12
2.4 Rannsóknir á áhrifum tónlistarnáms á börn og unglinga.....	12
2.5 Skapandi skólastarf .....	15
2.6 Tónsmíði.....	16
2.7 Enskukennsla í grunnskóla.....	19
2.8 Samþætting námsgreina .....	20
2.9 Leiðir í samþættingu .....	24
2.10 Fjölgreindarkenning Gardners .....	27
2.11 Samstarf grunn- og tónlistarskóla.....	30
3. Lagasmiðja.....	33
3.1 Markmið.....	33
3.2 Erlend tungumál.....	35
3.3 Kennslugögn og búnaður.....	36
3.4 Kennsluaðferðir .....	37
3.5 Kennsluáætlun .....	40
3.6 Að semja texta.....	48
3.7 Tónleikar .....	50
3.8 Námsmat .....	50
4. Umræður .....	53
4.1 Samþætting námsgreina .....	55
4.2 Samstarf kennara .....	57
4.3 Skapandi skólastarf .....	58
4.4 Ávinningur námsáfangans. ....	59
4.5 Hugsanlegar hindranir og vandamál tengd áfanganum.....	60
4.6 Hugsanlegt framhald af námsáfanganum. ....	61
Heimildaskrá .....	64
Fylgiskjöl.....	69

## 1. Inngangur

Í þessari ritgerð mun ég gera grein fyrir valáfanga í tónmennt fyrir nemendur á unglíngastigi sem ég tel vera góða viðbót við tónmenntarkennslu í grunnskólanum. Áfanginn er samstarfsverkefni grunn- og tónlistarskóla og er hann samþættur, þar sem bæði enska og tónmennt koma við sögu. Markmið ritgerðarinnar er að svara rannsóknarspurningunni *Hver er ávinningur samþættingar tónmenntar og ensku á unglíngastigi?*

Fjölgreindarkenning Howards Gardners liggur til grundvallar ritgerðinni og áherslur hans á fjölbreytt námsumhverfi til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda.

Námsáfanginn gengur í stuttu máli út á að nemendur setja sig í hlutverk lagahöfundar og semja lag með enskum texta og er lokamarkmið áfangans að nemendur geti flutt lögín sem þeir hafa samið sjálfir. Haldnir verða tónleika þar sem nemendur sjá alfarið sjálfir um skipulagningu, markaðssetningu og svo framvegis til þess að þeir fá tækifæri til að flytja lögín sín fyrir áhorfendur. Í áfanganum fá nemendur kennslu á hljóðfæri í litlum hópum þar sem tónlistarkólakennarar koma við sögu og sér tónmenntarkennari um kennslu í tónsmíði þar sem einnig verður stuðst við upplýsingatækni og enskukennari sér um kennslu þegar kemur að því að semja texta. Enskutímar verða teknir í þetta verkefni auk þess sem að tónmenntar- og enskukennari starfa hlið við hlið í kennslustundum í valáfanganum.

Námsáfanginn er verklegur og reynir á sköpunarkraft nemenda. Nemendur eiga alfarið sjálfir að semja lag og texta eftir að hafa fengið leiðsögn um hvernig hægt er að nálgast viðfangsefnið og þurfa þeir að velja leiðir og aðferðir sem þeim finnst henta sér best. Hljóðfærakennslan verður byggð upp með stofnun hljómsveitar í huga, það er að segja nemendur fá kennslu á söng, gítar, bassa, hljómborð og trommur og velja nemendur hljóðfæri eftir áhuga og hentugleika. Gott er að einhverjir hafi reynslu úr tónlistarnámi fyrir og verður kennslunni háttað þannig að hún komi til móts við getu nemenda. Ekki er ætlast til þess að nemendur verði hljóðfærasnillingar í áfanganum, en er það von höfundar að áfanginn kveiki áhuga nemenda og að sumir haldi áfram að semja og spila að áfanganum loknum.

Að bjóða upp á verklegan og skapandi áfanga í tónmennt og ensku hefur þá kosti með að vera einhvers konar mótvægi við bóklegt nám í skólanum og getur kveikt á áhuga nemenda til þess að virkja sköpunarkraft sinn og að vekja forvitni þeirra. Nemendur á unglíngastigi hafa flestir áhuga á dægurtónlist/popptónlist og hafa flestir greiðan aðgang að tónlist í sínu daglegu lífi. Með þessum námsáfanga fá nemendur tækifæri til þess að vinna með kunnuglegt viðfangsefni frá sjónarhorni sem þeir eru ekki vanir.

Námsáfanginn er einnig hugsaður sem hvati fyrir nemendur sem eiga erfitt í bóklegu námi, en sem geta hugsað sér að vinna á skapandi hátt. Ætlast er til þess að nemendur geti unnið náið saman bæði í samspili og í úrlausn verkefna í æfingarferlinu.

Í aðalnámskrá grunnskóla frá 2011 er lögð áhersla á að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á því sem þeir fást við í námi sínu meðal annars með því að leggja áherslu á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám þar sem hvatt er til frumkvæðis og sjálfstæðis í vinnubrögðum og hagnýtingu í skólastarfi og daglegu lífi (Menntamálaráðuneytið, 2011, bls. 38). Námsáfanginn „Lagasmiðja“ er hugsaður sem áfangi þar nemendur fá að spreyta sig á því að nota sköpunarkraftinn, ímyndunaraflíð og verklega færni auk þess sem þeir ná þeim námsmarkmiðum sem aðalnámskrá gerir kröfur um í einstökum faggreinum.

Ritgerðinni er skipt í fjóra meginkafla, að þessum inngangi meðtöldum. Í öðrum kafla er fjallað um tónmenntarkennslu og kennslu í tónlistarskólum og skoðaðar námskrár sem starfað er eftir í dag. Einnig er fjallað um samþættingu námsgreina og samstarf á milli kennara innan grunnskólans og á milli grunn- og tónlistarskóla í fræðilegu samhengi.

Í þriðja kafla er námsáfanginn „Lagasmiðja“ kynntur. Farið er yfir markmið áfangans, framkvæmd hans og námsmat með því að leggja fram nákvæma kennsluáætlun. Í lokakaflanum er námsáfanginn skoðaður í fræðilegu samhengi, inntak hans rætt með tilliti til gildandi námskrár- og lagaumhverfi á Íslandi auk þess sem að samþætting og samstarf á milli skólanna verður skoðað með tilliti til þess sem fram er komið í öðrum og þriðja kafla.

Kveikjan að þessu verkefni kemur frá starfi mínu bæði í tónlistarkóla og grunnskóla. Til margra ára hef ég starfað sem tónlistarskólakennari bæði í Noregi og á Íslandi og einnig hef ég starfað sem leiðbeinandi í grunnskóla í Noregi og núna sl. 6 ár hérna á Íslandi. Ég ólst upp í lúðrasveitarmeningunni í Noregi og starfaði einnig sem lúðrasveitarstjóri í mörg ár. Ég þekki frá eigin reynslu gleðina og samheldnina sem maður upplifir í samspili með öðrum og hefur það gefið mér mikið í gegnum árin og gerir enn.

Í tónlistarskólum og grunnskólum er mikil sérfræðipekking sem að mínu mati má sameina í meiri mæli en gert er í dag til þess að koma til móts við áhuga og þarfir nemenda þar sem þeir geta fengið að taka þátt í verkefni sem vonandi getur kveikt áhuga þeirra fyrir áframhaldandi samspili og tónlistariðkun. Í hefðbundnu tónlistarnámi í tónlistarskólum, þar sem nemendur fá klassíska hljóðfærakennslu í einkatímum með kennara, verður að mínu mati félagslega hliðina á tónlistariðkuninni svolítið útundan. Langflestir nemendur í tónlistarskólum hætta í tónlistarnámi þegar þeir koma á unglingsaldur og einnig hætta þeir oft að spila sér til yndis og ánægju.



Ritun er stór þáttur í tungumála- og móðurmálskennslu og tel ég það góða leið að kenna ritun á eins raunverulegan hátt og hægt er. Með því að setja sig í hlutverk rithöfundar, blaðamanns eða textahöfundar er að mínu mati auðveldara fyrir nemendur að koma hugmyndum frá sér. Þess vegna hef ég kosið að samþætta námsáfangann og fá nemendur vonandi að upplifa að þeir séu alvöru lagahöfundar.

Ég tel að námsáfanginn sem ég mun kynna í þessu verkefni sé þess eðlis að hann geti verið kveikja að einhverju sem mun nýtast nemendum seinna í lífinu, ekki bara á meðan þeir eru í grunnskóla. Í listsköpun og tónlistariðkun eru að mínu mati falin mikil lífsgæði og tel ég það mjög brýnt að börn og unglingar fái tækifæri til þess að kynnast henni í skólum landsins.

## 2. Tónmenntarkennsla

Í íslenskum grunnskólum í dag er gert ráð fyrir að nemendur fái tónmenntar- /tónlistarkennslu frá upphafi skólagöngu til loka 8. bekkjar. Í 9. og 10. bekk er tónmennt aðallega kennd í valáföngum. Samkvæmt viðmiðunarstundarskrá á vikulegur heildartími sem nemendur hafa fengið við lok 10. bekkjar í list- og verkgreinum að vera 2080 mínútur. Undir listgreinar heyrja tónmennt, sjónlist og sviðslist og undir verkgreinar heyrja hönnun og smíði, textílmennt og heimilisfræði. Gert er ráð fyrir að þessi tvö svið hafi jafnt vægi innan tímarammans (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 50). Heildarkennslutími við lok 10. bekkjar á sviði tónlistar, sjónlistar og sviðslistar á með öðrum orðum samtals að hafa verið að minnsta kosti 1040 mín. á viku. Auk þess er skilgreindur heildartími við lok 10. bekkjar sem skólar hafa til ráðstöfunar/val 1330 mínútur. Gert er ráð fyrir að helmingur þeirra mínútna sé bundinn list- og verktengdu námi.

Viðmiðunarstundarskrá er, eins og nafnið gefur til kynna, til viðmiðunar og ákveða skólarnir og skólasamfélagið í sameiningu frekara skipulag náms. Viðmiðunarstundarskrá er rammi um vægi námsgreina og ekki beinlínis tilmæli um nákvæma útfærslu stundarskrár með tilliti til hversu miklum tíma hver skóli eigi að verja í hverja námsgrein (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 51).

### 2.1 Lög um grunnskóla

Í lögum um grunnskóla nr. 91/2008, sem liggja til grundvallar skólastarfi á Íslandi, er kveðið á um hlutverk skólans í samfélaginu og er meðal annars tekið fram að skólinn eigi að stuðla að alhliða þroska allra nemenda, velferð og menntun hvers og eins (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.). Einnig er kveðið á um að nemendum skuli veitt tækifæri til að nýta sköpunarkraft sinn og að skólastarfið stuðli að frumkvæði og sjálfstæðri hugsun og þjálfni hæfni nemenda til samstarfs við aðra (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr.). Jafnframt er tekið fram í lögnum að nemendur eigi rétt á kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra.

Nemendur eiga að fá að njóta hæfileika sinna. Einnig eiga þeir rétt á því að koma sjónarmiðum sínum á framfæri varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólastarfs og annað sem þá varðar (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 13. gr.). Lög um grunnskóla heimila einnig að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. í

tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi og skulu nemendur í 8., 9. og 10. bekk eiga kost á vali um námsgreinar og námssvið í um þriðjungi námstímans (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 26. gr.).

## 2.2 Tónmennt

Í inngangi að kafla um tónmennt í aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar frá 2007 er tekið fram að tónlist hefur ávallt verið samofin lífi og starfi manna í öllum samfélögum. Tónlistin er alls staðar og ekkert svið mannglegrar tilveru er án tónlistar (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23). Einnig er tekið fram að skólinn sé samfélag og eigi að endurspeglar samfélagið sem við búum í og tónlistin eigi að hafa sömu hlutverk í skólanum og í þjóðfélaginu (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23). Jafnframt er tekið fram að tónlist eigi ekki bara að vera í höndum tónmenntarkennarans, tónlistaruppeldi sé allra: foreldra, bekkjarkennara, skólastjóra, tónlistarskóla og yfirvalda. Einnig er undirstrikað mikilvægi þess að tónlist verði ekki slitin úr tengslum við heildarstarf skólans og samfélagsins og að tónmenntarnámsgreinin hafi margþætt tengsl við allar greinar (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23).

Skilgreindir eru 7 færniþættir sem tónmenntarkennsla á að virkja/efla og eru þeir:

- Söngur og raddbeiting
- Lestur og ritun
- Hljóðfæranotkun
- Hreyfing
- Hlustun
- Sköpun

(Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23).

Í aðalnámskrá grunnskóla segir að tónmennt hafi víðtækt gildi í menntun hvers og eins sem felst í því að efla alhliða þroska nemandans og hefur yfirfærslugildi á aðra hæfni og þekkingu, t.d. lestrarþjálfun, málþroska og félagsmótun. Gert er ráð fyrir að tónmenntarnám sé fjölbreytt, að það byggji á áhuga nemenda og veki með þeim jákvæða afstöðu til tónlistar og tónlistariðkunar (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23). Nemendur eiga á skólagöngu sinni að fá fjölbreytta innsýn í heim tónlistarinnar og að tileinka sér þekkingu á frum-, efnis- og leikniþáttum tónlistar (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 27).

Frumþættir tónlistar vísa til eðlis hljóða og tóna t.d. að hljóð eru mismunandi há eða lág og að hljóð eru missterk. Efnisþættir tónlistar vísa til efniviðar sem greina má í tónlist, þ.e.a.s. notkun frumþátta til að skapa tónlist, t.d. hreyfing tónhæða, tónbil, laglína, tónstigar og stef (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 24).

Tónlist hefur áhrif á myndun sjálfsmýndar og tengir einstaklinginn við aðra, t.d. fjölskylduna, nærumhverfið og samfélagið. Myndun sjálfsmýndar er ferli sem tekur aldrei enda og erum við alltaf að skapa okkar fótfestu, hver við viljum vera og hverjum við viljum tilheyra (Björlykke, 1999, bls. 21). Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eiga nemendur að fá kennslu í hljóðfæranotkun í tónmenntartímum (Menntamálaráðuneytið, 2007, bls. 23) og er þá mikilvægt að huga vel að skipulagningu tónlistarnáms til þess að nemendur fái sem mest út úr því, nemendahóparnir mega ekki vera of stórir og mikilvægt er að nemendur kynnist ólíkum tónlistartegundum og -hefðum. Kennarinn þarf einnig að vera vakandi fyrir kynjamynstri sem skapast í kennslunni. Mikilvægt er að bæði stelpur og strákar fái að prófa mismunandi hlutverk í tónlistarsköpuninni og að hlutverk þeirra skilgreinist ekki út frá kyni heldur frekar út frá kennslufræðilegum forsendum.

Fjölbreytileiki og tækifæri til að prófa sig áfram þurfa hér að liggja til grundvallar (Björlykke, 1999, bls. 126). Í Þrándheimi í Noregi var gerð þriggja ára rannsókn á afstöðu nemenda til tónlistarkennslu í grunnskólanum. Tekin voru viðtöl við samtals 275 nemendur í 11 skólum og voru það nemendur í 2., 4., 7. og 10. bekk (Bøe, 2010, bls. 4). Viðtölin voru framkvæmd í litlum hópum og var leitast við að fá svar við því hvernig nemendur upplifðu tónlistarkennsluna og hverjar þeirra óskir og draumar í tónlistarnámi væru (Bøe, 2010, bls. 3). Niðurstöðurnar sýndu að helsta viðfangsefni í tónlistarkennslu væri söngur. Að vísu voru svör frá 2. og 10. bekkjum ekki tekin með í yfirlitinu (Bøe, 2010, bls. 7). Þegar nemendur voru spurðir um hvað þeir helst vildu gera í tónlistartímum svöruðu 48% nemenda í 2. til 10. bekk að þeirra draumur væri helst að læra að spila á hljóðfæri á meðan 19% svöruðu að þeir vildu helst syngja (Bøe, 2010, bls. 8).

Göran Folkestad (2006) tekur fyrir í grein sinni „Formal and informal learning situations or practices vs formal and informal ways of learning“, rannsóknir á tónlistarnámi barna og unglunga og gerir greinarmun á formlegu og óformlegu tónlistarnámi. Formlegt tónlistarnám er það nám sem nemendur fá í skólum og tónlistarskólum á meðan óformlegt tónlistarnám er það sem nemendur tileinka sér utan skólans þegar þeir iðka tónlist á eigin spýtur á þann hátt sem þeir óska sjálfir (Folkestad, 2006 bls. 136). Þegar tónlistarnám barna er skoðað þá er einnig mikilvægt að horfa á það sem heild, ekki bara það sem fer fram í skólaumhverfinu, heldur einnig það sem börn tileinka sér fyrir utan skólann, á netinu eða á öðrum vettvangi (Folkestad, 2006, bls. 144).

### **2.3 Kennsla í tónlistarskóla**

Í aðalnámskrá tónlistarskóla frá 2000 er hlutverki tónlistarskóla lýst sem að þeir eigi að stuðla að aukinni hæfni til að flytja, greina og skapa tónlist sem og að hlusta á tónlist og njóta hennar. Jafnframt á kennslan að búa nemendur undir að geta iðkað tónlist upp á eigin spýtur auk þess sem tónlistarskólar eiga að búa nemendur undir nám í tónlist og skyldum greinum á háskólastigi. Að lokum eiga tónlistarskólar að stuðla að auknu tónlistarlífi (Menntamálaráðuneytið, 2000, bls. 13). Í aðalnámskrá tónlistarskóla eru meginmarkmiðum í tónlistarnámi skipt í þrjá flokka þ.e. uppeldisleg markmið, leikni- og skilningsmarkmið og samfélagsleg markmið (Menntamálaráðuneytið, 2000, bls. 14).

Uppeldisleg markmið eru, eins og nafnið gefur til kynna, markmið sem snúast um uppeldislega þætti eins og að efla áhuga nemenda fyrir tónlist, að þeir njóti og upplifi í sinni tónlistariðkun, að efla sjálfsmynd nemenda með því meðal annars að læra að sýna getu sína í verki og að temja sér vönduð vinnubrögð og góða einbeitingu. Samvinna er einnig talin upp sem uppeldislegt markmið í námskránni (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2000, bls. 14).

Leikni- og skilningsmarkmið eru þau að nemendur tileinki sér sjálfstæð vinnubrögð, beiti hlustun og skilningu, skapi eigin tónlist, túlki og flytji tónlist og læri að þekkja einkenni og áhrif tónlistar. Einnig er ætlast til þess að nemendur læri að leggja mat á flutning og túlkun tónlistar og rökstyðji mat sitt (Menntamálaráðuneytið, 2000, bls. 15).

Samfélagsmarkmið tónlistarskólanna hafa víðari þýðingu og er hér lögð áhersla á áhrif tónlistarskólanna á samfélagið. Mikilvægt er einnig að undirstrika að tónlistarskólar eiga að vera valkostir allra, vera vettvangur nemenda til að flytja tónlist, efla áhuga nemenda á tónlist, stuðla að aukinni þátttöku fólks í tónlistarlífi, stuðla að fagmenntun tónlistarmanna og – kennara, undirbúa nemendur fyrir frekari tónlistarstörf, efla tónlistarlíf í samfélaginu og að lokum að stuðla að eflingu íslenskrar tónmenningar og varðveislu tónlistararfs þjóðarinnar (Menntamálaráðuneytið, 2000, almennur hluti, bls. 16).

### **2.4 Rannsóknir á áhrifum tónlistarnáms á börn og unglinga**

Kröfur til skólanna um góðar niðurstöður á samræmdum prófum getur haft þau áhrif að listgreinar og þar á meðal tónmennt fái minna pláss í grunnskólanum. Við það getur myndast einhvers konar samkeppni á milli faggreina innan skólans þar sem listgreinar verða að víkja til þess að nemendur geti einblínt á grunngreinar (Abril og Gault, 2006, bls. 18 og Thornton 2013, bls. 5). Rannsóknir sýna hins vegar að nemendur sem taka þátt í tónlistarstarfi á vegum

skólans eða utan skóla koma ekki verr út þegar skoðaðar eru niðurstöður úr stöðluðum prófum (Thornton, 2013, bls. 5).

Rannsókn sem var gerð í skólum í Pennsylvaníu í Bandaríkjunum sýndi að þeir nemendur sem tóku þátt í tónlistarstarfi á vegum skólans, bæði sem skylduáfanga og valáfanga, komu betur út en aðrir þegar mæld var hæfni þeirra í lestri og stærðfræði. Greinarhöfundur bendir hins vegar á að úrtakið var fremur lítið og gefur hugsanlega ekki rétta mynd af nemendum í skólum í Pennsylvanía auk þess sem hlutfallslega mikill stærðarmunur var á nemendahópnum (Thornton, 2013, bls. 8). Að mati höfundar má hins vegar nota niðurstöður rannsóknarinnar sem rök fyrir kostum þess (vísbendingu um kosti þess) að halda áfram að bjóða upp á tónlistarnám í skólum þar sem nemendur sem stunda tónlistarnám, stundum jafnvel á kostnað tíma sem varið er til annarra greina, koma alls ekki verr út þegar hæfni þeirra í grunngreinum er mæld (Thornton, 2013, bls. 9).

Árið 2004 var gerð rannsókn á gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni. Rannsóknin beindist að tengslum tónlistarnáms við frammistöðu í almennu námi og viðhorfum til hefbundins skólastarfs auk tengsla tónlistarnáms við frávíkshæðun (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 6). Gögnin sem lágu til grundvallar rannsókninni voru niðurstöður úr könnuninni Ungt fólk 2000 (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 7).

Niðurstöður voru þær að unglingar sem stunduðu tónlistarnám reglulega fengu hlutfallslega hærri einkunnir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku auk þess sem hlutfall nemenda sem sagðist vera ánægt með eigin árangur í skóla var herra á meðal þeirra sem stundaði tónlistarnám reglulega. Almenn tónlistarnám reglulega voru nemendur sem stunduðu reglulega tónlistarnám ánægðari í skóla en nemendur sem stunduðu ekki tónlistarnám reglulega (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 15).

Rannsóknin sýndi enn fremur að neysla vímuefna var minni á meðal unglunga sem stunduðu tónlistarnám reglulega. Hlutfall þeirra sem höfðu prófað vímuefni eins og tóbak, áfengi og hass var marktækt lægra en hjá þeim sem stunduðu ekki tónlistarnám reglulega. (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 19-20). Rannsókn sem var gerð meðal annars á málþroska leikskólabarna sýndi marktækan mun á málþroska og hugrænni færni barna eftir mjög stutta þjálfun í tónlist. Eftir fjögurra vikna tónlistarþjálfun sem að mestu leyti studdist við hlustun þar sem áhersla var lögð á hrynjandina, tónhæðina, laglínuna og röddina. Mældust börnin meðal annars með meiri orðaforða og almennan málþroska en hópur sem hafði ekki fengið tónlistarþjálfun (Moreno o.fl., 2011, bls. 1427 og 1429).

Skólinn gegnir miklu hlutverki í myndun sjálfsmýndar nemenda og skiptir þar tónlistarkennsla miklu máli. Tónlistarnám er sérstaklega mikilvægt fyrir nemendur sem eiga erfitt í öðrum námsgreinum til þess að efla sjálfstraust og styrkja sjálfsmýnd. Rannsóknir sýna að mörgum nemendum finnst skólinn of bóklegur og vilja frekar að kennslan sé verkleg og tengist daglegu lífi og áhugasviði þeirra í meiri mæli (Hovdenak, 2007, bls. 15). Margir nemendur óska eftir meiri listrænni tjáningu og sköpun í kennslu í grunnskólanum en gengur og gerist í dag (Hovdenak, 2007, bls. 16).

Í listsköpun kemur fram önnur mynd af nemendahópnum en venjulega og eru til dæmi um nemendur sem hafa allt í einu uppgötvast sem málara, dansara, leikara, hljóðfæraleikara og svo framvegis sem má segja að hafi verið ósýnilegir í almenna bóknáminu (Elín G. Ólafsdóttir, 2004, bls. 30). Tónlist er fag möguleikanna og í tónlistarnámi upplifa nemendur hvernig bóklegt og verklegt nám koma saman í einni heild og sameina þekkingu, upplifun og sköpunarkraft. Í tónlistinni sameinast einnig þrír lykilþættir í kennslu þ.e. hugræn-, andleg og félagsleg virkni (Hovdenak, 2007, bls. 20).

Danski heilafraeðingurinn Kjell Fredens hefur skoðað áhrif tónlistarkennslu á heilastarfsemi og sýna rannsóknir að tónlistarkennsla og tónlistariðkun hafa jákvæð áhrif á heilastarfsemi barna og hæfni þeirra til að tileinka sér aðrar faggreinar í skólanum. Listkennsla örvar hægra heilahvel en það er sá hluti heilans sem stjórnar hæfni í mannlegum samskiptum, hæfni til að hafa yfirsýn og að breyta og fá nýjar hugmyndir. Vinstra heilahvel stjórnar hæfni til að tileinka sér þekkingu, byggja upp og halda rúttinu. Báðir helmingar þurfa að starfa saman og mikilvægt er að þeir fái örvun til að mynda jafnvægi þar sem vinstra heilahvel gerir bara það sem það hægra þegar kann og veit (Fredens, 2010, bls. 1). Fredens notar hugtakið „íþróttir fyrir heilann“ um tónlistarnámið þar sem tónlistarnám eykur vinnsluminni barna og þar með hæfni þeirra til náms.

Nina Kraus og Bharath Chandrasekaran (2010, bls. 599) taka í sama streng og segja að tónlist og tónlistarþjálfun hafi áhrif á heyrnræna úrvinnslu. Nemendur sem hafa fengið þjálfun í tónlist með því að læra á hljóðfæri sýna aukna færni í hljóðgreiningu og hefur það til dæmis áhrif á hæfileika til að læra erlend tungumál. En það að greina tónhæð og þjálfun í tónheyrn gerir einstaklingum betur kleift til að greina hljóð og hljómfall í erlendum tungumálum (Kraus og Chandrasekaran, 2010, bls. 600). Enn fremur sýna rannsóknir að nemendur sem hafa fengið tónlistarþjálfun eru næmari fyrir hljómfalli á sínu eigin móðurmáli, hafa meiri orðaforða og standa betur að vígi í lestri en nemendur sem hafa ekki fengið þjálfun í tónlist. Rannsóknir sýna einnig að þjálfun í tónlist hefur sterkari áhrif þegar þjálfunin hefst snemma í

lífi barnsins og einnig hversu alvarlega nemandinn tekur tónlistarnámið og leggur sig fram við það (Kraus og Chandrasekaran, 2010, bls. 604).

Að flétta tónlist inn í kennslu með því að hlusta á tónlistina, örvar málgreind og getur hjálpað nemendum að þróa með sér gagnrýna hugsun og eflir færni þeirra í ritun (DiEwardo, 2005). Rannsókn sem gerð var á vinnsluminni einstaklinga á aldrinum 18 til 24 ára sem hafa verið í tónlistarnámi samanborið við einstaklinga sem hafa ekki hlotið tónlistarnám sýndi einnig að þeir sem höfðu stundað tónlistarnám í meira en níu ár koma mun betur út varðandi vinnsluminni en þeir sem höfðu ekki verið í tónlistarnámi. Niðurstöðurnar sýndu marktækan mun bæði varðandi yrt og sjónrænt minni (George og Coch, 2011, bls. 1090).

## 2.5 Skapandi skólustarf

Í rannsóknarskýrslunni „Arts and cultural education in Iceland“ tekur Anne Bamford (2009, bls. 97) fram að áætlað sé að skapandi- og menningartengdar greinar séu á bak við 7% af landsframleiðslu þróaðra landa og að spáð er um 10% vexti í þessum geira á ári.

Margir nemendur á grunnskólastigi eiga í erfiðleikum með að finna sig alveg í skólanum og er mikið um brottfall úr íslenskum framhaldsskólum. Námsleiði getur gert vart við sig snemma á skólaferlinum og birtist til dæmis ef nemandi er ekki tilbúinn til fullrar þátttöku í formlegri kennslu grunnskólans og verkefni sem honum er ætlað að leysa eru honum ofviða eða fyrir neðan getu hans og færni (Elín G. Ólafsdóttir, 2004, bls. 29).

Mikilvægt er að skólinn geri allt sem í valdi hans stendur til þess að komast hjá því að nemendur þrói með sér námsleiða. Nám í skapandi umhverfi þar sem nemendur fá að nota sköpunarkraft sinn og eigin hugmyndaauðgi hefur forvarnargildi og skiptir sköpun fyrir nemendur sem eru haldnir námsleiða (Elín G. Ólafsdóttir, 2004, bls. 30).

Samkvæmt fjölgreindarkenningu Gardners þarf skólinn að taka tilit til þess og viðurkenna að nemendur hafa ólíka hæfileika og áhugasvið og að ekki læri allir nemendur á sama hátt eða geti lært allt sem hægt er að læra (Gardner, 1993, bls. 9-10).

Í aðalnámskrá grunnskóla, almennum hluta frá 2011 og greinasviði frá 2013, er mikil áhersla lögð á skapandi hugsun og skapandi starf innan skólans. Nemendur eiga að öðlast sem dýpstán skilning á þeim fyrribærum sem þeir fást við í námi sínu og gerist það meðal annars með því að áhersla verði lögð á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 38).

Trú á eigin færni til að takast á við ákveðin verkefni er skilgreind sem *self-efficacy* af Albert Bandura og skiptir augljóslega miklu máli fyrir námsárangur nemenda auk þess sem hún skiptir máli fyrir til dæmis val í framhaldsnámi, hvers konar tómsstundir þeir stunda og



hversu mikið þeir leggja sig fram í því sem þeir taka sér fyrir hendur. Margt hefur áhrif á trú nemenda á eigin færni, til dæmis hefur fyrri árangur mikil áhrif á hvernig þeir meta eigin færni. Einnig hefur stuðningur frá öðrum mikil áhrif á trú þeirra á eigin færni og er mikilvægt að þeir fái stuðning og upplifi að fjölskylda, kennarar og vinir hafi trú á getu þeirra (Snowman og McCown, 2012, bls. 276–277). Fyrir nemendur með t.d. námsörðugleika er það oft gott að fá að glíma við verkleg/hagnýt verkefni, þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín og getur það haft jákvæð áhrif á afstöðu þeirra til skólakerfisins.

Kennsluhættir og námsumhverfi á unglíngastigi er ansi frábrugðið frá því umhverfi sem nemendur hafa vanist á fyrstu árum í grunnskóla þar sem bekkjarkennari sér um kennslu í mörgum námsgreinum og hefur tækifæri til að samþætta eða breyta eftir þörfum. Á unglíngastigi, eins og í framhaldsskóla, er kennsla í höndum faggreinakennara sem kynnast ekki nemendum á sama hátt og umsjónarkennari gerir og hafa þeir ekki sömu möguleika á að miða kennslu að þörfum hvers og eins (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 13–14) og sýna rannsóknir að mikil þörf er fyrir að aðlaga skólaumhverfi bæði á unglíngastigi og í framhaldsskóla betur að einstaklingum til þess að tryggja að nemendur fái nám við hæfi (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 18).

## 2.6 Tónsmíði

Tónsmíði – að semja tónlist - virkjar sköpunarkraft og hugmyndaflug nemenda og er hægt að framkvæma á margan hátt í skólum eftir því hvaða aldurshópur á í hlut og einnig þroska- og getustigi nemenda. Tónsmíði passar inn í samþætt verkefni og þemavinnu og getur líka verið afmarkað verkefni og hluti af tónmenntarkennslunni þar sem áhersla er lögð til dæmis á ólíka nálgun á að vinna með hljóð, hrynjandi og hreyfingu. Nokkur dæmi um hvernig hægt er að vinna með tónsmíði eru:


- Hljóðleikir og hljóðtilraunir. Unnið er með ólíka þætti, til dæmis hljóma, hrynjandi, samhljómum, og dýnamík. Hægt er að prófa sig áfram með mismunandi hljóðfæri eða mismunandi hrynjandi. Einnig er hægt að nota einfalda nótnaskrift þegar unnið er með hljóðleiki og –tilraunir.
- Spuni. Spuni í sinni einföldustu mynd líkist hljóðleik þar sem spuni er í rauninni það að leika sér og láta hugmyndaflugið ráða. Í sumum tilvikum getur spuni verið algjörlega frjálst en í öðrum tilvikum getur spuni haft ákveðið upphaf, það getur verið tónn hrynjandi, stef eða undirliggjandi hljómgrunnur.
- Hljóðbakgrunnur og stef. Hér er hægt að semja tónverk sem passar við sögu eða leiksýningu. Tónlistin undirstrikar og byggir upp stemningu sem leitað er eftir í

sögunni og einnig er hægt að semja svokallað karakterstef sem t.d. tengist persónum í sögum eða leikþáttum .

- Undirspil og útsetning. Að semja undirspil við texta er t.d. hægt að gera með því að nota ásláttarhljóðfæri þar sem nemendur halda púlsinum í laglínunni. Á mið- og elsta stigi grunnskóla er hægt að nota t.d. gítar og hljóðgervil til þess að semja undirpil og útsetja lög.

(Björlykke, 1999, bls.160).

Tónsmíði er skapandi ferli og mjög mikilvægt er að standa vel að skipulagningu þess. Margar leiðir eru til þess að undirbúa slíkt ferli og hægt er að vinna á margan hátt. Ferlið getur t.d. verið eins og sýnt er á líkaninu hérna fyrir neðan.



Mynd 1. Tónsmíðaferli.

- Innblástur: Ef unnið er samkvæmt þema er hægt að sækja innblástur í það. Það getur t.d. verið saga eða leikrit þar sem nemendur eiga að skapa hljóðbakgrunn eða ná fram ákveðinni stemningu. Ef nemendur eiga að vinna með ákveðna þætti í tónlist eins og dýnamík, form eða hrynjandi er t.d. hægt að kynna tónverk fyrir nemendum þar sem þessir þættir koma skýrt fram. Einnig er hægt að nota sögu eða listaverk sem kveikju til þess að koma hugmyndafluginu af stað.
- Tilraunir: Upphaf tónsmíðaferlisins einkennist af tilraunarstarfsemi þar sem prófað er hvaða hljóð og stemningu er hægt að skapa, ólíkri hrynjandi og melódískum mynstrum, auk forma og svo framvegis. Á þessu stigi er mikilvægt að vera opinn fyrir

öllu og leyfa hugmyndafluginu að ráða. Það eina sem afmarkar tilraunarstarfsemina er upphaflega verkefnið. Dæmi um slíkt upphafsverkefni er til dæmis að nemendur eigi að leggja áherslu á rytmiska eiginleika tónlistarinnar, dýnamík eða kannski semja út frá nokkrum tónum.

- Síun: Hér er skoðað og metið hvaða þætti er hægt að nota áfram og hverjir þurfa að víkja. Þegar hér er komið sögu er kannski farið í að rita/hljóðrita til þess að vista hugmyndir sem komnar eru.
- Úrvinnsla: Hér verður verkið klárað og æft. Unnið verður út frá hugmyndunum og verkið fullklárað. Hér er einnig hægt að skrá verkið niður í sinni endanlegu útgáfu annaðhvort með því að nota grafíska nótnaskrift eða hefðbundna. Flytjendur verksins æfa það og verða öruggir í flutningi þess.
- Flutningur: Mikilvægt er að sýna öðrum afrakstur skapandi ferlis. Fyrst þegar búið er að flytja verkið fyrir öðrum er sköpunarferlið fullklárað. Flutningur þarf ekki að vera mikið mál, það getur verið að nemendur spili og syngi fyrir samnemendur á skólatíma. Einnig er hægt að halda stærri tónleika þar sem foreldrum og öðrum er boðið að koma og hlusta.
- Mat: Endurgjöf er mikilvægur partur af sköpunarferlinu. Sá sem skapar sjálfur er ávallt að meta það sem hann skapar, en miklu máli skiptir að fá endurgjöf frá öðrum um hvernig þeir upplifa verkið. Mikilvægt er að endurgjöf sé ávallt uppbyggjandi og hafi hvetjandi áhrif. Mikill lærdómur liggur einnig í því að meta verk annarra, þess vegna er gott fyrir nemendur að taka þátt í að meta og veita endurgjöf (Björlykke, 1999, bls. 164–166).

Í lok verkefnis getur það verið mjög hvetjandi fyrir nemendur að halda einhvers konar sýningu þar sem þeir fá að sýna afraksturinn af verkefnavinnunni. Sýningar hafa hvetjandi áhrif á meðan á verkefninu stendur auk þess sem þær hafa jákvæð áhrif á sjálfstraust nemenda (Björlykke, 1999, bls. 32). Að vinna með texta sem tónlistartjáningu, byggir á því að orð hafa innibygðan takt og hrynjandi í sér. Orðin verða þá gott verkfæri til að þjálfa rytmiska þætti. Rím, þulur og ljóð eru mjög hentug í því samhengi. Í sönglögum finnur maður að textinn aðlagast laglínunni á meðan talkór og rapp byggir á hrynjandi orða. Einnig er hægt að vinna með texta án hrynjandi og búa til hljóðbakgrunn til þess að skapa ákveðna stemningu. Nemendur á mið- og elsta stigi grunnskóla geta t.d. skrifað texta sjálfir og unnið með hann (Björlykke, 1999, bls. 126–127).

## 2.7 Enskukennsla í grunnskóla

Aðalnámskrá grunnskóla kveður á um kennslu erlendra tungumála og er enska fyrsta erlenda tungumálið sem nemendur í íslenskum grunnskólum læra. Í aðalnámskrá grunnskóla, greinarsvið frá 2013, kemur meðal annars fram að kunnátta í öllum tungumálum eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Enska gegnir lykilhluthverki í alþjóðasamskiptum og viðskiptum og þurfa Íslendingar sem taka þátt í slíku að hafa gott vald á ensku. Enska er einnig lykiltunga á sviði æðri menntunar hér á Íslandi þar sem lesefni í íslenskum háskólum er að stærstum hluta á ensku (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 122-123). Einnig kemur fram í aðalnámskrá að mikilvægt sé að tungumálanámið sé heildstætt og endurspegli raunverulega málnotkun. Mikilvægt er að kennsluaðferðir séu fjölbreyttar og að kennarinn hafi hæfileika hvers og eins í huga þegar hann skipuleggur kennslu (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 133).

Aðalnámskrá skilgreinir einnig hæfniviðmið í erlendum tungumálum og er meðal annars gert ráð fyrir að nemendur eiga við lok grunnskóla að geta skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Þeir eiga einnig að geta leikið sér með málið og látið sköpunargáfunu og ímyndunaraflíð njóta sín (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 129).

Nemendur hafa ákveðnar væntingar til tungumálakennslu og er mikilvægt að kennarar geri sér grein fyrir og þekki væntingar og hugmyndir þeirra varðandi tungumálanám til þess að geta komið til móts við þarfir þeirra og leggja áherslu á einstaklingsmiðað nám (Eyjólfur Már Sigurðsson, 2003, bls. 8).

Margir nemendur hafa þegar öðlast góða þekkingu í ensku áður en formlegt enskunám hefst í grunnskóla þar sem þeir kynnast ekki bara tungumálinu í skólastofunni, en hafa greiðan aðgang að ensku í umhverfi sínu. Íslensk ungmenni hlusta á enskt talmál í bíómyndum og sjónvarpi, þeir lesa bækur og tímarit á ensku og nota ensku í leikjum og upplýsingaleit í tölvu (Auður Torfadóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever, 2006, bls. 14). Mikilvægt er að kennarar taka tillit til fyrirbyggjandi kunnáttu nemenda þegar þeir skipuleggja kennslu í ensku og velja námsefni (Auður Torfadóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever, 2006, bls. 34).

Í úttekt á enskukennslu í grunnskólum sem unnin var fyrir Menntamálaráðuneytið árið 2006 var meðal annars skoðað hvernig enskukennsla væri framkvæmd í 8 grunnskólum á landinu, flestir á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli í grennd við Reykjavík (Lóvísa Kristjánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Samúel Lefever, 2006, bls. 6). Fram kom meðal annars

að nemendur og kennarar telja það gagnast nemendum vel að styðjast við hlustunarefni vinnubókarvinna, málfræðiaefingar, lestur bóka og ritgerðarskrif í kennslunni. Fram kom einnig að þemavinna var frekar sjaldgæf í enskukennslunni. (Lovísa Kristjánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Samúel Lefever, 2006, bls. 53).

## 2.8 Samþætting námsgreina

Samþætting námsgreina á sér stað þegar fleiri en ein námsgrein er til staðar í einu verkefni. Það getur verið þemaverkefni sem stendur yfir stuttan tíma eða verkefni sem er hluti af daglegu skólastarfi og nær yfir lengri tíma. Í skólum er sérstaklega hefð fyrir að samþætta námsgreinar í þemavinnu og þess háttar og eru til þess margar leiðir og aðferðir færar. Samþætting námsgreina er leið til að auðga nám nemenda með því að þeir nota þekkingu og færni sína á mismunandi hátt og við ólíkar aðstæður (Humphries, Bidner og Edwards, 2011, bls. 179).

Í bókinni sinni *Skapandi skólastarf* (1996, bls. 9) notar Lilja M. Jónsdóttir mismunandi heiti yfir samþættingu námsgreina og kallar það meðal annars þemanám, tópvinnu og prójekt og segir að hvert heiti feli í sér örlítinn merkingarmun, en jafnframt að heitin skarist á ýmsa vegu eftir því hvar áherslan er hverju sinni. Í bókinni *Fagleg kennsla í fyrirrúmi* er þemanám og samþætting einnig sett undir sama hatt og er það skilgreint sem vinna að ákveðnu viðfangsefni eða þema og það skoðað frá mörgum sjónarhornum. Bæði er um að ræða samþættingu nokkurra námsgreina en einnig getur þemað tengst aðallega einni námsgrein. Tekið er fram að í þemanámi fléttist ýmsar kennsluáferðir saman og má þar nefna leitarnám, hópvinnu, verklegt nám, sýnikennslu og fyrirlestra (Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir, 2005, bls. 41).

Oft er litið á John Dewey sem talsmann samþættingar námsgreina. Reynsla er meginhugtak í hugsun Johns Deweys um menntunarfræði (Dewey, 2000, bls. 16). Dewey segir meðal annars að allar námsgreinar verði að eiga rætur að rekja til efniviðar sem í byrjun liggur innan venjulegrar lífsreynslu og sé það á ábyrgð kennarans að þekkja reynsluheim nemendans og skipuleggja nám og kennslu við hæfi og stuðla þar með að auknum þroska hans (Dewey, 2000, bls. 83 – 84). Dewey bendir á að í vissum skilningi ætti öll reynsla að hafa þau áhrif að búa nemandann undir dýpri og viðtækari reynslu síðar. Með því að tileinka sér þekkingu og færni í aðgreindum námsgreinum gerist það þó ekki sjálfkrafa að nemendur séu búnir undir að nota reynslu sína við skilyrði sem eru mjög ólík þeim skilyrðum sem nemendur tileinka sér þessa færni við. Náms efni sem er lært í einangrun og látið í nokkurs konar vatnsheld hólf gerir þeim ekki kleift að fara fram vitsmunalega (Dewey, 2000, bls. 57).

Í rannsókn sem var gerð á kennslu bráðgerra nemenda voru skoðuð áhrif samþættingar á námsárangur nemenda. Athugað var í hve miklum mæli samþætting námsgreina hafi áhrif á námsárangur bráðgerra nemenda og upp að hvaða marki samþætting námsgreina komi til móts við þarfir nemenda að mati kennara og foreldra (Feng, VanTassel-Baska, Quek, Bai, og O'Neill 2004). Nemendur voru þátttakendur í verkefninu, sem kallaðist „The William and Mary language arts and science curriculum for gifted learners“ og má þýða sem námskrá í heildstæðri móðurmálskennslu og raungreinum. Verkefnið byggir á samþættingu bókmennta og ritunar í móðurmálskennslu þar sem nemendur styðjast meðal annars við rannsóknaraðferðir (Van Tassel-Baska, Zou, Avery og Little, 2002) Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að verkefnið hafði jákvæð áhrif á námsárangur nemenda og var marktækur munur á námsárangri þeirra bæði í samanburði við nemendur sem tóku ekki þátt í verkefninu og einnig þegar skoðaður var námsárangur nemenda áður en þeir tóku þátt. Einnig kom fram að foreldrar, kennarar og nemendur upplifðu verkefnið sem jákvætt og tóku kennarar fram að þeir notuðu nýstárlegar kennsluáðferðir auk þess sem að þeir urðu varir við meira samstarf á milli nemenda (Feng, VanTassel-Baska, Quek, Bai, og O'Neill 2004). Greinarhöfundar benda hins vegar á að það er þörf fyrir frekari rannsóknir og þá sérstaklega samanburðarrannsóknir.

Samanburður á hefðbundinni bekkjarkennslu og samþættingu á yngsta stigi í barnaskóla sýndi að þegar nemendur voru að vinna með samþætt námsefni voru þeir áhugasamari en nemendur sem unnu í aðgreindum námsgreinum auk þess sem nemendurnir töldu sig hafa meira eignarhald og tengdu námsefnið öðrum námsgreinum og raunveruleikanum í meiri mæli en nemendur sem voru í hefðbundnu námsumhverfi (Zhabanova, Rule, Montgomery og Nielsen, 2010, bls. 257). Einnig var ljóst að kennarar sem unnu með samþættingu þurftu í miklu minni mæli að leiðrétta hegðun nemenda en kennarar sem unnu í hefðbundnu bekkjarumhverfi (Zhabanova o.fl., 2010, bls. 255).

Rannsókn sem gerð var árið 1995 á áhuga barna á lestri sýndi fram á að þeir nemendur sem fengu samþætta kennslu þar sem námið tengdist raunveruleikanum voru áhugasamari en þeir sem fengu hefðbundna kennslu (Guthrie, Wigfield og VonSecker, 1999, bls. 331). Höfundar samantektar á rannsóknum sem hafa verið gerðar á samþættingu námsgreina taka í sama streng og kemur fram í samantektinni að nemendur sem fá samþætta kennslu verða áhugasamari um námið auk þess sem hún eflir sjálfstæða hugsun nemenda, námið verður heildstæðara og tengist raunveruleikanum (Ellis og Fouts, 2001, bls. 24). Samþætting er einnig góð leið til að efla samstarf á milli kennara og getur í mörgum tilvikum gefið nemendum heildrænni mynd af námsefninu (Ellis og Fouts, 2001, bls.26).

Hins vegar kemur einnig fram í samantektinni að rannsóknir á samþættingu eru fáar og erfitt er að draga neinar almennar ályktanir byggðar á fræðilegum grunni út frá þeim. Ástæðan fyrir því er að mati höfundar að slíkar rannsóknir eru flóknar í framkvæmd (Ellis og Fouts, 2001, bls. 26).

Samþætting faggreina kallar á teymisvinnu og var gerð rannsókn í grunnskóla í Bandaríkjunum árið 2005 þar sem meðal annars var skoðað hvernig kennarar komu sér saman um og skipulögðu samþættingu. Rannsóknin fór fram með því að taka viðtöl og að fylgjast með kennurum að störfum á vettvangi. Fylgst var með samþættingu námsgreina í 1. bekk og tóku þrjár bekkjarkennarar og þrjár listgreinakennarar þátt í rannsókninni (Youm, 2007, bls. 43). Rannsakandi skoðaði aðallega samþætta tónmenntartíma, með áherslu á hvernig kennarar litu á hlutverk sitt í skipulagningu, ferlinu, framkvæmdinni og kennslunni sjálfri (Youm, 2007, bls. 44). Helstu niðurstöður voru þær að það væru sex skref í átt að samþættingu. Þau eru: Að tímasetja verkefnið, að ákveða viðfangsefni, skipulagsfundir kennara, undirbúningur fyrir kennslu, framkvæmd og að lokum mat (Youm, 2007, bls. 49). Á meðan á rannsókninni stóð var mikið samstarf á milli kennaranna og kenndu tónmennta- og bekkjarkennari hlið við hlið í tónmenntartímum. Kennarar studdu hvorn annan, deildu hugmyndum og sýndu hvor öðrum gagnkvæma virðingu. Allir þátttakendur í rannsókninni voru sammála um að samþættingin væri til hagsbóta fyrir nemendahópinn og þeim fannst samþættingin efla sköpun og þroska hugsun upp á hærra plan (Youm, 2007, bls. 50).

Kennarar í Fjölbrautaskólanum á Snæfellsnesi lýsa yfir mikilli ánægju með samþættingu eftir að hafa verið með samþætta námsáfangi í þrjú ár í skólanum. Reynsla þeirra var að nemendur lærðu að sýna sjálfstæð vinnubrögð og ábyrgð í námi auk þess sem að þeir lærðu að meta eigin vinnu og annarra (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 12). Kennararnir voru einnig mjög ánægðir með að fá að vinna náið saman en bentu einnig á að samvinna kennara getur verið erfið á tímum þar sem einstaklingarnir eru ekki eins. Maður þarf að taka tillit til annarra og líta á gagnrýni sem maður fær jákvæðum augum og reyna að læra af henni (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 11).

Í teymisvinnu og nánu samstarfi skapast grundvöllur fyrir þróun faglegs námssamfélags (*e. professional learning community*). Í faglegu námssamfélagi starfa kennarar saman með það sameiginlega markmið að auka árangur nemenda og kennara. Faglegt námssamfélag styðst við teymisvinnu, rannsóknir og samfellt nám og lögð er áhersla á að efla og styrkja hver annan (MacGilchrist, Myers og Reed, 2004, bls. 102). Til þess að faglegt námssamfélag nái að þróast verður skólasamfélagið í heild sinni að taka þátt í því og mikilvægt er að stjórnendur

skólans/skólanna tryggji að aðstæður og skilyrði séu til staðar til þess. Forysta starfsfólks er lykilatriði í því samhengi og mikilvægt er að kennurum og starfsfólki sé treyst og það hvatt til að taka forystu (Bolam o.fl., 2005, bls. 16).

Umræða kennara og ígrundun í starfi skipta miklu máli í faglegu námssamfélagi og er mikilvægt að kennarar ræði reglulega saman um vandamál eða atvik sem koma upp í kennslu og leita lausna með því að skoða málið frá ólíkum sjónarhornum og líta til eigin reynslu (Little og Horn, 2007, bls. 88–91). Sigrún Aðalbjarnardóttir skrifar um samvinnu kennara í grein sinni „Í eilífri leit“ og segir þar meðal annars að samvinna kennara sé lykilatriði fyrir ígrundun kennara í starfi. Kennari sem fagmaður er í stöðugri sjálfsskoðun með það í huga að bæta sig sem kennari og fagmaður. Hann metur og gagnrýnir það sem fram fer í kennslustofunni og litur aldrei á sjálfan sig sem fullnuma í því sambandi. Samvinna skiptir mikli máli í þessu samhengi þar sem kennarar geta rætt hugsjónir sínar, sýn sína á kennslu, markmið og leiðir. Þeir geta metið sterkar hliðar sínar og veikar og skapað vettvang til að deila reynslu sinni og skipuleggja starfið saman (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002). Einnig skrifar hún um mikilvægi þess að stjórnendur skóla skapi kennurum aðstæður sem hvetja þá til að ígrunda kennslu sína.

Á tímum þar sem ávallt meiri kröfur eru gerðar til færni nemenda í grunngreinum getur samþætting verið góð lausn til þess að til dæmis tónmennt fái tilskilið pláss í kennslu barna (Humphries, Bidner og Edwards, 2011, bls. 174). Tónmennt er faggrein sem hæglega má samþætta öðrum námsgreinum og er mikil hefð fyrir því í skólum, einnig má rekja samþættingu langt aftur í tímann. Má nefna sem dæmi að á fornöld var listmenntun talin mjög mikilvægur hluti af uppeldi barna og var nám gjarnan skipulagt þannig að list og listræn tjáning fengu stóran sess í menntun barna og þá samþætt öðrum greinum (Björlykke, 1999, bls. 22).

Thomas Brewer (2002, bls. 31) varar hins vegar við of mikilli samþættingu þar sem listgreinar eru samþættaðar öðrum námsgreinum og segir að ákveðin hættu sé til staðar á að listgreinarnar, sérstaklega myndlist, tapi gildi sem sérgrein í skólakerfinu og verði bara verkfæri sem er notað til þess að auka færni í öðrum námsgreinum. Timothy Shanahan (1997, bls. 15) tekur í sama streng og segir að það sé ekki endilega samasemmerki á milli samþættingar og gæða náms. Að samþætta námið hefur ekki alltaf í för með sér að nemendur læri betur eða meira en í hefðbundnu námi. Hann segir mikilvægt að skipuleggja samþættingu vel og skilgreina námsmarkmiðin vel fyrirfram. Þá segir hann að mikilvægt sé að kennarar geri sér grein fyrir að mismunandi faggreinar í samþættingu þurfa að hafa tilskilið vægi, það



er að segja að skýr markmið í hverri faggrein í samþættu verkefni þurfa að liggja fyrir (Shanahan, 1997, bls. 16).

## 2.9 Leiðir í samþættingu


Þegar um samþættingu er að ræða er mikilvægt að kennarar gera sér grein fyrir því hvaða hlutverk faggreinar leika í verkefnavinnunni. Gott getur verið að koma með dæmi um ólíkar leiðir til að tengja faggreinar saman og hvernig hægt er að nota áherslufög eftir því hvað við á. Í sumum samsetningum eða líkönum er tónlist áherslugrein, sú faggrein sem mest áhersla er lögð á í verkefnavinnunni. Hér neðar eru líkön sem sýna mismunandi samþættingu eftir því hver þungamiðjan er.



Mynd 2. Samþætting – líkan 1.


Líkan 1: Allar greinarnar vega jafn þungt og viðfangsefnið sjálft er í aðalhlutverki.

Hér vega faggreinarnar í líkaninu jafn þungt og engin ein faggrein er áherslugrein. Það er viðfangsefnið sem er í aðalhlutverki og er samþættingin notuð til þess að viðfangsefnið komist til skila. Líkanið þekktist helst í leikskólum og á yngsta stigi grunnskóla. Margar faggreinar fléttast saman og mynda saman heild. Tónlist getur t.d. komið að með söng, dansi eða leikjum (Björlykke, 1999, bls. 28).



Mynd 3. Samþætting – líkan 2.

Líkan 2: Hér er ein faggrein áherslugrein og eru hinar faggreinarnar fléttaðar inn í til þess að undirstrika námsmarkmiðin í aðalgreininni og gera kennsluna fjölbreyttari. Líkanið þekktist í leikskólum og grunnskólum. Tónlist er viðbótargrein þar sem hægt er að bæta inn söng, hljóðfæraleik, hlustunarefni, dans o.s.frv. og með því bæta við þekkingu og hæfni barna (Björlykke, 1999, bls. 29).



Mynd 4. Samþætting – líkan 3.

Líkan 3: Hér er tónlist áherslusvið og aðrar kennslugreinar mynda viðbót við tónlistina. Líkanið er talið henta vel í leikskólum og á öllum stigum grunnskólans. Viðbótargreinarnir eru ekki listgreinar (Björlykke, 1999, bls. 29). Verkefnið hentar vel þegar viðfangsefni í tónlistinni er þess eðlis að hentugt er að tengja það við aðrar námsgreinar til þess að tryggja að nemendur nái námsviðmiðum. Þegar kennt er til dæmis tónlistarsaga er hægt að styðjast við þetta líkan til þess að hjálpa nemendum að tengja við fyrri reynslu og að setja námsefnið í stærra samhengi.



Mynd 5. Samþætting – líkan 4.

Líkan 4: Tónlist er hér áherslugrein og aðrar listgreinar eru viðbótargreinar. Líkanið er talið henta bæði í leikskóla og á öllum stigum grunnskólans. Aðalmarkmið verkefnisins tengist tónlistarfaginu og sækja nemendur innblástur í hinar faggreinarnar. T.d. getur listaverk verið kveikja að verkefnavinnu þar sem nemendur t.d. semja tónverk (Björlykke, 1999, bls. 30).



Mynd 6. Samþætting – líkan 5.

Líkan 5: Tónlist er áherslufagið og bætast aðrar faggreinar við, bæði listgreinar og bóklegar greinar. Þetta líkan er talið henta vel í leikskólum og á öllum stigum grunnskólans. Aðalmarkmið verkefnisins liggur í tónlistarfaginu en önnur námsmarkmið geta einnig legið til grundvallar í öðrum greinum. Dæmi um hvernig hægt er að nota líkanið er verkefni þar sem unnið er með hlustun, dans og að semja tónlist yfir lengri tíma þar sem aðrar faggreinar koma inn með sögu, sögugerð, búningahönnun og svo framvegis (Björlykke, 1999, bls. 30).

## 2.10 Fjölgreindarkenning Gardners

Hugmyndin um að greind væri mælanleg stærð var fyrst kynnt til sögunnar í upphafi 20. aldar af franska sálfræðingunum Alfred Binet. Hann þróaði fyrsta greindarprófið til þess að geta spáð fyrir um hvaða börn myndu standa sig í skólum Parísarborgar og hvaða nemendur myndu eiga erfitt með námið (Gardner, 1993, bls. 5).

Fjölgreindarkenning Howard Gardners er orðin vel þekkt í menntaheiminum og kom sem einhvers konar andsvar við hugmyndinni um að greind væri föst mælanleg stærð og má segja að hún eigi sérstakt erindi þegar talað er um að samþætta námsgreinar. Fjölgreindarkenningin gerir ráð fyrir að einstaklingar séu ólíkir hvað greind varðar og talar Gardner um að greind sé margþætt fyrirbæri og styrkur fólks geti verið mismunandi (Gardner, 1993, bls. 6–9).

Í stuttu máli gengur kenningin út á að hægt sé að skipta mannlegri grein í átta greindir, það eru:

- Málgreind: Hæfileiki til að hafa áhrif með orðum, bæði munnlega og skriflega. Fólki með háa málgreind getur til dæmis verið sagnaþulir, ræðumenn, stjórnmálamenn, skáld og rithöfundar.

- Rök- og stærðfræðigreind: Hæfileikar til að nota tölur á árangursríkan hátt og hugsa rökrétt. Dæmi um fólk með háa rök- og stærðfræðigreind getur verið vísindamenn, tölvuforritarar og rökfræðingar.
- Rýmisgreind: Hæfileikar til að skynja nákvæmlega hið sjónræna, rúmfræðilega umhverfi og til að endurskapa þessa skynjun. Fólk með háa rýmisgreind er til dæmis veiðimenn, flugmenn, arkitektar, innanhúsarkitektar og listamenn.
- Tónlistargreind: Hæfileikar til að skynja, meta mismunandi gæði, skapa og tjá margvíslega tónlist. Dæmi um fólk með háa tónlistargreind eru tónlistargagnrýnendur, tónskáld og flytjendur.
- Líkams- og hreyfigreind: Færni í að nota allan líkamann til að tjá hugmyndir og tilfinningar, leikni í að búa til hluti og beit þeim. Íþróttamenn, dansarar, handverksmenn og skurðlæknar eru nokkur dæmi um einstaklingar með háa líkams- og hreyfigreind.
- Samskiptagreind: Hæfileikar til að skilja og greina skap, fyrirætlanir, innri hvöt og tilfinningar annarrar manneskju.
- Sjálfsþekkingargreind: Sjálfsþekking og hæfni til að lífa og starfa á grunni þeirrar þekkingar.
- Umhverfisgreind: Leikni í að þekkja og flokka fjölda tegunda úr jurta- og dýraríkinu í eigin umhverfi.

(Armstrong, 2000, bls. 14-15).

Þar sem margir vilja segja að greindir séu frekar hæfileikar eða gáfur setti Gardner fram „grunnpróf“ sem hver greind varð að standast til að kallast sjálfstæð greind.

Nokkur lykilatriði í kenningu Gardners eru:

- Hver einstaklingur býr yfir öllum greindum.
- Flestir geta þróað hverja greind á viðhlítandi getustig.
- Greindirnar starfa saman á flókinn hátt.
- Hægt er að vera greindur á mismunandi hátt á hverju sviði.

(Armstrong, 2000, bls. 20).

Forðast á að tala um „veika“ og „sterka“ greind þegar talað er um einstaklingsmun á greindarfari fólks þar sem Howard Gardner undirstrikar að hægt sé að þróa greind með rétttri örvun og eru það þrjú meginatriði sem ráða því hvort greindirnar geta þróaðast:

- Líffræðileg hæfni
- Einstaklingsbundin lífssaga
- Menningarlegur og sögulegur bakgrunnur

(Armstrong, 2000, bls. 29).

Howard Gardner segir enn fremur að greind verði virk þegar einstaklingur iðkar eitthvað ákveðið og fylgja greindirnar ákveðnu þroskamynstri, það er að segja að þær koma fram á ákveðnum tíma á lífsleiðinni, nái hámarki og hnigni svo aftur. Það er misjafnt á milli greinda hversu hratt þroskaferlið er (Armstrong, 2001, bls. 16).

Samkvæmt kenningu Gardners er það á ábyrgð skólans að taka tillit til ólíkra áhugasviða og hæfileika nemenda og koma til móts við þá staðreynd að það læra ekki allir á sama hátt og að ekki allir geti lært allt (Gardner, 1993, bls. 9–10). Kenningin setur einnig kröfur um að nemendur eigi rétt á að fá reynslu og fást við viðfangsefni sem þróa allar greindir þeirra. Og ættu allir nemendur á venjulegum skóladegi að fá verkefni sem stuðla að þroska allra greinda (Armstrong, 2001, bls. 94). Samkvæmt kenningunni er einnig lögð áhersla á fjölbreyttar kennsluáferðir og vísar hún kennurum á leiðir til að ígrunda bestu kennsluáferðir sínar og skilja hvers vegna þær bera árangur (Armstrong, 2001, bls. 51)

Fjölgreindarkenning Gardners býður einnig upp á möguleika á að skipuleggja samþætt þemanám þar sem tímamörkin skipta ekki máli og þar sem beitt er aðferðum sem tryggja að þemaviðfangsefnið virki á allar greindirnar átta (Armstrong, 2000, bls. 58).

Howard Gardner hefur sett fram ábendingar til kennara um það hvernig hægt sé að nálgast viðfangsefni. Hann telur að aðgreina megi fimm gerðir nálgunar að sérhverju viðfangsefni:

1. Frásagnarnálgun sem byggist á því að segja sögu sem tengist efninu, lýsa atburðarás eða ferli.
2. Rökleg-talnaleg nálgun þar sem kennarinn beitir fyrir sig tölulegum upplýsingum, stærðfræði eða rökleiðslu, til dæmis upplýsingum um fjölda, tíðni eða hlutföll.
3. Heimspækileg nálgun þar sem athygli nemenda er beint að ýmsum grundvallarspurningum og þeir beðnir um að velta fyrir sér merkingu hugtaka, eðli og eiginleikum fyrirbæra og hugmynda.
4. Fagurfræðileg nálgun sem byggist á að nota til dæmis ljóð, bókmenntir eða tónlist sem kveikju að nýju efni.
5. Reynslunálgun sem byggist á að prófa í verki, handfjatla, gera tilraunir eða setja á svið.

Gardner telur mikilvægt að kennarar temji sér að nálgast sérhvert viðfangsefni með margvíslegum hætti og helst eftir öllum þessum fimm leiðum. Með því aukist líkur á að allir nemendur geti notið góðs af kennslunni (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 21–22).

## **2.10 Rannsóknir á samþættingu**

Í rannsóknarskýrslu frá 2009 segir Aud Berggraf Sæbö frá rannsókn sinni á fjórum skólum í Noregi með mikla reynslu í að samþætta listgreinar við aðra námsgreinar. Tilgangur rannsóknarinnar var meðal annars að gera grein fyrir hvernig kennsla í tónlist, mynd- og handmennt væri skipulögð og framkvæmd í skólunum sem tóku þátt í rannsókninni; og gera grein fyrir hvernig fagurfræðilegt námsferli er tekið inn í kennslu í skólunum í rannsókninni. (Sæbö, 2009, bls. 4–5).

Skólarnir í rannsókninni áttu það sameiginlegt að listgreinar skipuðu stóran sess í skólastarfinu þar sem hugsjón skólanna var að nemendur fengu heildræna kennslu. Kennsla var mikið byggð upp í kringum þemavinnu þar sem námsmarkmið í ýmsum greinum voru skoðuð og þema valið út frá því og má bera það saman við líkani eitt í kafla 2.8. List- og bóklegar greinar voru álitnar skipta jafn miklu máli í skólastarfinu og jafnræði var á milli þeirra (Sæbö, 2009, bls. 54). Almenn ánægja var á meðal skólastjórnenda og kennara og nemenda og tóku kennarar m.a. fram að nemendur fengju heildrænni mynd af því sem þeir áttu að læra. Kennarar voru einnig ánægðir með hvernig nemendur blómstruðu félagslega þegar unnið var á þennan hátt (Sæbö, 2009, bls. 42).

## **2.11 Samstarf grunn- og tónlistarskóla**

Gott samstarf á milli grunnskóla og tónlistarskóla getur skipt sköpun í tónlistarkennslu á mörgum stöðum. Hefð hefur verið á Íslandi fyrir samstarfi á milli grunn- og tónlistarskóla. Dæmi um slíkt samstarf er svokölluð forskólakennsla þar sem nemendur á yngsta stigi í grunnskóla fá kennslu á blokkflautu og önnur skólahljóðfæri hjá kennurum tónlistarskólans sem sjá um hljóðfærakennslu á skólatíma, nemendum að kostnaðarlausu. Á mörgum stöðum er nemendum einnig gert kleift að sinna tónlistarskólanámi sínu á skólatíma, fara þá úr kennslutíma í grunnskólanum til þess að fara í hljóðfærakennslu í tónlistarskólanum. Á nokkrum stöðum á landinu hafa tónlistar- og grunnskólar verið sameinaðir undir sömu stjórn með sameiginlegum skólastjóra. Einnig er löng hefð fyrir því að kennsla á vegum tónlistarskólans fari fram í húsnæði grunnskólans og þá seinnipart dags þegar kennslu í grunnskólanum er lokið.

Nánara samstarf á milli þessara tveggja gerða skóla er hægt að útfæra á margan hátt og dæmi um slíkt samstarf á faglegum nótum má finna í Noregi. Þar hefur verið unnið markvisst á mörgum stöðum með að virkja samstarfið á milli grunn- og tónlistarskóla og verður nú gerð stuttlega grein fyrir nokkrum dæmum. Þess má geta að hugtakið tónlistarskóli (musikkskole) er ekki lengur notað í Noregi þar sem skólar á þessu sviði hafa heitið kulturskole sem á íslensku myndu kallast listaskóli og er boðið upp á kennslu í fleiri listgreinum en bara tónlist. Sem dæmi má nefna leiklist, myndlist og dans. Öllum sveitarfélögum í Noregi ber skylda til þess að bjóða upp á nám í listaskóla (Lov um grunnskolen og den vidaregåande opplæringa gr. 13.6).

**Larvik kulturskole.** Í Larvik er náið samstarf á milli listaskólans og heilbrigðisþjónustunnar í sveitarfélaginu. Samstarfið snýst um að finna grunnskólanemendur af erlendu bergi brotna sem hafa þörf fyrir aðlagð námstilboð og veita þeim einstaklingsmiðaða kennslu. Listaskólinn býður upp á sérsníðnað nám fyrir innflytjendur og er hugmyndin sú að menning og listir séu góð verkfæri í aðlögun í nýju samfélagi. Áhersla á tónlist, leiklist og myndlist hefur haft marktæk jákvæð áhrif á norskokunnáttu og er reynslan að nemendur sem annars „týnast“ í skólaumhverfinu séu sigurvegarar í þessum verkefnum (Kulturskoleutvalget, 2010, bls. 74).

**Trondheim kommunale kulturskole.** Skólinn er fjölmennur og starfræktur í mörgum grunnskólum borgarinnar og fá nemendur tónlistar/listakennslu í sínum heimaskólum þegar skóladegi lýkur. Hugmyndafræði skólans er að allir eigi rétt á tónlistarnámi óháð félagslegri stöðu og uppruna. Einnig er gert ráð fyrir kennslurými fyrir listaskólann þegar verið er að skipuleggja nýja skóla (Kulturskoleutvalget, 2010, bls. 74).

**Time kulturskole.** Skólinn er staðsettur í sama húsi og grunnskólinn á staðnum og er samstarfið náið um húsnæði fyrir kennslu, tónleika og aðrar sýningar. Menningarhúsið á staðnum er líka notað fyrir tónleika og sýningar. Listaskólinn er í nánú samstarfi við foreldrasamfélagið og hittast foreldratenglar reglulega til þess að skiptast á upplýsingum og taka þátt í starfi skólans. Kennsla fer mestmegnis fram á einum stað og er lögð áhersla á að kennarar séu að kenna á sama tíma til þess að auðvelda samstarfið þeirra á milli (Kulturskoleutvalget, 2010 bls. 75).

**Tolga kulturskole.** Hér er hugmyndin sú að skapa heildrænt námsumhverfi þar sem nemandinn er í brennidepli og reyna grunn- og listaskólarnir að sameina krafta sína til þess að nemendur nái settu námsviðmiði. Nemendur grunnskólans geta sótt nám í tónlistarskólanum á skólatíma og mælist það vel fyrir. Grunnskólinn og listaskólinn eru í sömu byggingu og samnýta kennslurými, vinnuástöðu starfsfólks, kaffistofu og svo framvegis. Einnig er lögð



áherslu á að starfshlutfall kennara sé eins hátt og hægt er og má nefna sem dæmi að sex kennarar skólans eru einnig að kenna í grunnskólanum eða á öðrum vettvangi í sveitarfélaginu (Kulturskoleutvalget, 2010, bls. 76).

**Vadsö kulturskole.** Hér voru listaskólinn og grunnskólinn á staðnum sameinaðir undir sömu stjórn árið 2008. Skólinn leggur áherslu á listgreinar, að list eigi að vera sýnileg í starfi skólans og eðlilegur hluti af allri kennslu ekki bara í einstökum verkefnum eða á þemadögum. Margir kennarar skólans hafa listamenntun og eru tónmennta- og myndmenntakennsla grunnskólans í höndum kennara listaskólans. Reynolds kennara í þessu samstarfi er góð og sérstaklega varðandi nemendur af erlendum uppruna. Að sögn kennaranna aðlagast nemendur betur þegar listgreinar eru stór hluti af kennslunni. Skólastjórnendur telja að helsti ávinningurinn sé að skólarnir eru á sama stað og geta skipulagt kennslu og önnur verkefni saman. Þá er auðveldara fyrir bæði kennarar og nemendur að púsla saman stundarskrá sinni. Einnig telur skólastjóri það vera mikinn kost að hafa faglega þekkingu innan listgreina aðgengilega og hefur það styrkt grunnskólann að fá kennara listaskólans í kennslu (Kulturskoleutvalget, 2010, bls. 77).

### 3. Lagasmiðja

Námsáfanginn er valáfangi á unglíngastigi og heitir áfanginn „lagasmiðja“. Gert er ráð fyrir að áfanginn standi yfir eina önn eða um það bil 18 vikur. Kennt er í 80 mínútur einu sinni á viku og verða það samtals 1280 mínútur. Fimm enskútimar verða notaðir í tengslum við valáfangann auk þess sem enskukennari kemur inn og kennir samhliða tónmenntakennara 4 x 80 mín. Áfanginn er samstarfsverkefni á milli grunn- og tónlistarskóla og innan grunnskólans koma tónmenntarkennari og enskukennari að áfanganum. Gert er ráð fyrir að tónlistarskólakennarar komi inn í áfangann og sinni hljóðfærakennslu og er ætlunin að trommu-, gítar- og hljómborð/píanókennarar komi að kennslu í áfanganum.. Tónmenntarkennari ber faglega ábyrgð á áfanganum og heldur utan um verkefnið. Hann er tengiliður á milli grunnskólans og tónlistarskólans og fylgist með námsframvindu nemenda. Í áfanganum er í stuttu máli gert ráð fyrir að nemendur semji lag og texta, útsetji lagið og flytji því að lokum á tónleikum.

#### 3.1 Markmið

Markmið áfangans er að nemendur læri að semja lag með enskan texta í námsumhverfi sem kveikir á sköpunarkrafti þeirra og kemur til móts við áhuga hvers og eins. Fjölgreindarkenning Howard Gardners liggur til grundvallar þar sem hann leggur áherslu á fjölbreyttar kennsluáferðir og að koma til móts við þarfir og áhugasvið hvers og eins (Gardner, 1993, bls. 9–10). Einnig er markmið með áfanganum að bjóða upp á áfanga sem mótvægi við bóklegt nám þar sem áfanginn er verklegur og krefst þess að nemendur séu óhræddir við að gera tilraunir og prófa sig áfram í sköpunarferlinu. Auk þess er ætlast til þess að nemendur nái þekkingar- leikni- og hæfnismarkmiðum sem tilgreind eru í aðalnámskrá grunnskóla.

Í þessum kafla er stuðst við aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið 2013. Mér finnst eðlilegast að miða við námskrá sem mun liggja til grundvallar skólastarfi á Íslandi komandi ár, en ekki eldri námskrá grunnskóla, sem mun falla úr gildi á næstu árum.

Þekking, leikni og hæfni eru lykilþættir í aðalnámskrá grunnskóla. Hæfni sem stefnt er að er skilgreind strax í upphafi skólagöngu og er þar með lagður grunnur að heildstæðri almennri menntun. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta þekkingu og leikni. Leikni er skilgreind sem geta til að beita aðferðum, verklagi og rökréttri hugsun og er aflað með notkun á aðferðum og þjálfun í verklagi. Þekking er skilgreind sem safn staðreynda, lögmála,

kenninga og aðferða. Hún er bæði fræðileg og hagnýt (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 39).

Í aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið frá 2013 eru skilgreind hæfniviðmið fyrir tónmennt sem koma til viðbótar sameiginlegum hæfniviðmiðum list- og verkgreina. Hæfniviðmiðin eru:

„Við lok 10. bekkjar getur nemandi:

- greint, valið og notað hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun,
- tekið þátt í tónsköpun af einhverju tagi, s.s. kórsöng eða samspili, sjálfum sér og öðrum til ánægju,
- notað algeng tæki, hljóðfæri, rödd og forrit til að skapa eigin tónsmíð og/eða hljóðverk,
- tekið þátt í að skapa og flytja eigin verk og annarra, gagnrýnt og rökstutt út frá eigin smekk, stíltegund tónlistar og fagurfræði,
- greint, útskýrt og endurskoðað eigin sköpunarverk og samnemenda í tónlist af sanngirni og virðingu,
- rökstutt skoðun sína á tónlist út frá eigin smekk og fagurfræði,
- staðið með eigin tónsköpun eða tónlistarvali og rökstutt val sitt,
- greint og útskýrt ólík tónlistarstílbrigði, ljóðfæri og hljóðgjafa og sett í persónulegt, sögulegt og menningarlegt samhengi.“

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 150–151).

Í sameiginlegum hæfniviðmiðum fyrir list- og verkgreinar er meðal annars gert ráð fyrir að „við lok 10. bekkjar geti nemandi:

- unnið sjálfstætt eftir vinnuferli frá hugmynd til lokaafurðar og greint frá mismunandi nálgun við vinnuna,
- hagnýtt þá sérhæfðu leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast á skapandi hátt og sýnt frumkvæði,
- tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi,
- beitt þeirra tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt,
- metið eigið verk og annarra og rökstutt álit sitt með þeim hugtökum sem viðkomandi námsgrein býr yfir.“

(Mennta- og menningarmálaráðuneytið 2013, bls. 142).

### 3.2 Erlend tungumál

Í aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið frá 2013, er kveðið á um hæfniviðmið fyrir erlend tungumál í grunnskólanum og eru viðmiðin sett upp sem þriggja stiga rammi þar sem ætlast er til að nemendur nái þriðja stigi við lok grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 125).

Námsviðmið fyrir ritun eru meðal annars þau að nemendur við lok grunnskóla eigi að geta skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum. Nemendur eiga einnig að geta tjáð skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu skriflega auk þess sem að þeir eiga að geta leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 129).

Í námsáfanganum sem hér um að ræðir eru þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmið skilgreind á eftirfarandi hátt:

Tafla 1. Markmið námsáfangans.

<b>Þekking</b>	<b>Leikni</b>	<b>Hæfni</b>
Við lok áfangans eiga nemendur að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þekkja helstu grunnþætti tónsmíða og helstu grunnreglur í hljómfraði.</li> <li>• Þekkja helstu reglur uppbyggingar lagatexta.</li> <li>• Þekkja nokkra hljóma og grunntækni á hljóðfæri.</li> </ul>	Við lok áfangans eiga nemendur að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta flutt lag og texta sem þeir hafa samið sjálfir.</li> <li>• Geta skrifað stuttan söngtexta á ensku.</li> </ul>	Við lok áfangans eiga nemendur að: <ul style="list-style-type: none"> <li>• Geta notfært sig þá þekkingu og leikni sem þeir hafa tileinkað sér.</li> <li>• Nota eigin sköpunarkraft til að semja texta og tónlist annaðhvort með því að spila á hljóðfæri eða að semja undirleik í tölvu.</li> <li>• Komast að samkomulagi í samvinnu um flutning laga í samspili</li> <li>• Metið eigið verk og verk samnemenda af sanngirni og virðingu.</li> <li>• Tjáð tilfinningar sínar og hugmyndir á ensku í rituðu orði.</li> </ul>

Engar forkröfur eru gerðar til nemenda sem velja áfangann en augljós kostur er að hafa lært að spila á hljóðfæri og kunna að lesa nótur. Gengið er út frá að nemendur séu á byrjendastigi í hljóðfæraleik og fá þeir kennslu í samræmi við getu. Gert er ráð fyrir að tónlistarskólakennarar komi inn í áfangann og sinni hljóðfærakennslu og er ætlunin að

trommu-, söng-, gítar- og hljómborðs/píanókennarar komi að kennslu í áfanganum. Markmiðið er að nemendur geta myndað hljómsveit sem mun spila undir þegar kemur að því að spila lögina sem þeir semja.

Fyrstu loturnar sér tónmenntarkennari einn um kennslu en fljótlega bætast hljóðfærakennarar við og munu sjá um hljóðfærakennslu í litlum hópum. Einnig mun enskukennari koma að áfanganum þar sem nemendur eiga að semja texta við lögina sem þeir semja. Gert er ráð fyrir að allir nemendur á unglingsstigi taki þátt í textasmíð, ekki bara þeir sem velja áfangann. Texta- og lagasmíð mun eiga sér stað samhliða og er hugsunin sú að nemendur geti annaðhvort sótt sér innblástur í laglínu sem þeir hafa samið eða í texta sem þeir hafa skrifað.

Sýningar hafa hvetjandi áhrif á meðan á verkefninu stendur auk þess sem þær hafa jákvæð áhrif á sjálfstraust nemenda (Björlykke, 1999, bls. 32) og er gert ráð fyrir að halda tónleika við lok áfangans þar sem nemendur flytja lögina sín fyrir áhorfendur. Nemendur þurfa að kunna lögina nógu vel til þess að flytja þau áreynslulaust, það er að segja að þeir þekkja lögina mjög vel og að framburður sé skýr og réttur. Tónmenntarkennari og enskukennari sjá í sameiningu um þjálfun nemenda í sviðsframkomu og framburði og er mikilvægt að nemendur séu öruggir á sviði. Allir nemendur taka þátt í lagaflutningi og helst eiga lagahöfundar að syngja sín eigin lög sjálfir. Hins vegar er mikilvægt að neyða engan til þess að syngja ef þeir vilja það ekki, frekar að hvetja nemendur til að taka þátt á þann hátt sem þeir vilja.

### **3.3 Kennslugögn og búnaður**

Í áfanganum er gert ráð fyrir að nemendur myndi hljómsveit/ir sem mun/u spila undir þegar kemur að því að semja lag. Mikilvægt er að hljóðfærin séu nægilega mörg og að aðgengi að þeim og ástand þeirra sé gott. Þörf er fyrir rafmagnshljóðfæri eins og píanó/hljómborð, bassa, gítar auk trommusetts. Einnig er nauðsynlegt að húsakostur sé við hæfi með tilliti til hljóðeinangrunar og hljóðvistar. Þörf mun vera fyrir nokkrar kennslustofur og er æskilegt að kennsla geti að hluta til farið fram í húsnæði tónlistarskólans. Kennsla í höndum tónlistarskólakennara mun fara fram í minni hópum.

Í áfanganum mun kennarinn styðjast við dægurlög og texta sem til eru á netinu auk þess sem kennslubók í hljómfraði verður haft til hliðsjónar. Einnig verður stuðst við spjaldtölvur og snjallsíma þar sem nemendur nota mismunandi tónlistarforrit og eða svokölluð öpp (smáforrit) bæði í tónsmíði og undirleik. Nemendur munu einnig nota spjaldtölvur sem upptökutæki til að taka upp efni sem þeim finnst ástæða til þess að geyma.

### 3.4 Kennsluaðferðir

Mikilvægt er að áfanginn verði sem mest verklegur og að nemendur fái að prófa sig áfram og spreyta sig. Hlutverk kennarans er að vera leiðbeinandi og að vera til staðar til þess að veita aðstoð og ráðgjöf þegar þörf er á.

Kennari mun styðjast við fjölbreyttar kennsluaðferðir og hér verður gerð grein fyrir þeim í stuttu máli. Eftirfarandi aðferðir urðu fyrir valinu til að byggja undir það andrúmsloft sem að mínu mati þarf að vera til staðar í námsáfanganum. Í áfanganum þurfa nemendur bæði að gera upp við sig sína afstöðu til tónlistar og hvað þeir vilja með því að skrá sig í áfangann. Í sköpunarferli er gott að sækja sér innblástur einhvers staðar frá og fá hugmyndir og gera nemendur það með því að skoða og rannsaka hluti sem til eru fyrir, til þess að mynda sínar eigin hugmyndir í ferlinu. Nauðsynlegt er að nemendur vinni saman bæði til að fá endurgjöf frá öðrum og að veita endurgjöf og þannig ná að þróa sínar hugmyndir áfram. Þar sem gert er ráð fyrir að flestir séu á byrjunarstigi í hljóðfæraleik er einnig gert ráð fyrir sýnikennslu þar sem nemendur þurfa að tileinka sér lágmarksfærni á hljóðfæri á frekar stuttum tíma. Saman tel ég eftirfarandi kennsluaðferðir styðja undir hugmyndina um að búa til skapandi námsumhverfi og að þessar fjölbreyttu kennsluaðferðir komi til móts við þarfir og áhuga hvers og eins í áfanganum og að settum markmiðum fyrir áfangann verði náð.

**Spurnaraðferð.** Þessi aðferð byggir á nokkrum markvissum spurningum sem oft eru kallaðar lykilspurningar. Lykilspurningum er varpað fram í ákveðinni röð til þess að fá nemendur til að hugsa með skipulegum hætti um ákveðin fyrirbæri. Margir aðferðir eru til og markmið þeirra mismunandi (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 94). Ástæða fyrir því að þessi aðferð verður fyrir valinu er að hún er góð leið til þess að gera nemendur meðvitaða um hvað þeirra afstaða til tónlistar/tónsköpunar sé og að geta tjáð það með orðum. Þankahríð er ein spurnaraðferð sem hentar vel í þessu samhengi. Aðferðin gengur út á að kennari varpar fram spurningu og biður nemendur að hugsa opnum huga um svörin og nefna síðan allt sem þeim dettur í hug. Tilgangurinn er að laða fram hjá nemendum fjölbreyttar, ólíkar og nýstárlegar hugmyndir eða lausnir (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 94). Í upphafi áfangans mun kennari styðjast við þessa aðferð til þess að nemendur skoði sínar hugmyndir um tónlist og tengsl sín við tónlist. Hugsunin er sú að nemendur fari svo að þróa með sér hugmyndir um hvernig þeir vilja vinna í sköpunarferlinu og hvers konar tónlist þeir vilja semja.

**Raunveruleg viðfangsefni.** Aðferðin snýst um að nemendur fái að kljást við raunveruleg viðfangsefni og er góð leið til að búa nemendur undir alvöru lífsins (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 159). Nemendur sem velja námsáfangann eiga að semja og flytja lag og texta sjálfir og þurfa þeir að vinna eins og „alvöru“ tónskáld/tónlistarmenn. Þegar kemur

að því að flytja tónverk sín fyrir aðra þurfa nemendur að sjá alfarið um að skipuleggja og undirbúa tónleikana, þar á meðal að finna dagsetningu og húsnæði og halda utan um hljóðkerfi og þess háttar, auk þess sem að þeir þurfa að auglýsa tónleikana og tryggja að þeir fái áhorfendur.

**Innlifunaraðferð og tjáning.** Mörg viðfangsefni mega fara undir þennan flokk og kallar aðferðin á að nemendur lifi sig inn í aðstæður eða tjái sig með einhverjum hætti (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 98). Oft er sagt að tjáning með tónlist sé vanrækt í skólum á Íslandi og er þá ekki bara vísað til námsgreinarinnar tónmennt heldur til þess hvernig tónlist er notuð t.d. í tengslum við aðrar námsgreinar (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 107). Gert er ráð fyrir að halda tónleika við lok áfangans þar sem nemendur flytja lög sem þeir hafa samið sjálfir og þurfa þeir meðal annars að taka að sér hlutverk tónleikahaldara þar sem þeir þurfa að skipuleggja og sjá um tónleikana sjálfir. Þegar svo kemur að því að standa á sviði fyrir framan áhorfendur þurfa þeir að hafa æft allt nægilega vel fyrirfram og að lifa sig inn í aðstæður til þess að útkoman verði sem best.

**Samvinnunám.** Hópvinnubrögð/samvinnunám er samheiti yfir margar kennsluáðferðir sem eiga það sameiginlegt að í stað þess að fela einstaklingum að leysa tiltekin viðfansefni eru þau falin hópum. Eitt af markmiðunum með því að styðjast við hópvinna er að þjálfar nemendur í samvinnu (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 136). Rökin fyrir að velja samvinnunám eru margvísleg. Meðal annars þjálfast nemendur í að takast á við mismunandi hlutverk, eins og til dæmis að stýra verki, að samhæfa og að meta auk þess sem að þeir læra að taka tillit til annarra. Einnig getur verkaskipting haft með sér í för að nemendur leggja það til til verksins sem þeim lætur best (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 136). Þegar samvinnunám verður fyrir valinu er hins vegar mikilvægt að huga að því að nemendur vinni í raun og veru saman. Í bókinni *Cooperative learning in the classroom* eru nokkur dæmi um hvernig hópar geta virkað mismunandi í skólaumhverfinu. Sem dæmi má nefna hóp nemenda sem virðist vinna vel saman en sem í raun og veru er í samkeppni og þar af leiðandi hvorki læra neitt af hver af öðrum eða deila. Annað dæmi er hópur nemenda sem gerir sér alveg grein fyrir að þeir þurfa að vinna saman en verkefnið er ekki nægilega vel útskýrt fyrir þeim. Nemendur skiptast á upplýsingum til þess að geta lokið við verkið en vinna ekki frekar saman. Ábyrgðarfullir nemendur geta lent í því að þurfa að taka að sér mestu vinnuna á meðan aðrir nemendur komast hjá því að taka mikinn þátt í samvinnunni. Ákjósanlegt er að samvinna nemenda fari fram á þann hátt að allir í hópnum leggi sitt á mörkum auk þess sem að allir fái tilfinningu af eignarhaldi. Nemendur hjálpast að, styðja hvern annan, sýna virðingu og umhyggju og hlusta hver á annan. Nemendur taka einnig

forystu þegar þörf er fyrir (Johnson, Johnson og Holubec, 1994, bls. 6–7). Í námsáfanganum sem hér er um að ræða er gert ráð fyrir að nemendur spili saman í hljómsveit og þurfa þeir þess vegna að vinna náið saman og komast að samkomulagi til að tryggja að útkoman verði sem best. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur meti verk annarra á jákvæðan og uppbyggilegan hátt. Síðarnefndi þátturinn krefst þess að nemendur séu hreinskilnir á sama tíma og þeir sýna nærgætni og tillitssemi. Kennari getur ákveðið hvernig hópar í samvinnunámi er samsettir og eru margar leiðir til að skipta þeim niður. Í lagasmiðjunni munu hóparnir raðast eftir því hvaða hljóðfæri nemendur kjósa að spila á þar sem tilgangurinn er að setja saman hljómsveit. Í paravinnu er ætlast til þess að nemendur velji sér félag sjálfir, en kennari hefur tók á að breyta þörunum ef hann sér að paravinnan gengur ekki nægilega vel.

**Sýnikennsla.** Eins og nafnið bendir til er sýnikennsla aðferð þar sem kennarinn sýnir ákveðin vinnubrögð eða aðferðir. Aðferðin er algeng meðal annars í list- og verkgreinum (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 59) og er mikið notuð í tónlistarnámi, sérstaklega í hljóðfærakennslu þar sem hefð er fyrir því að kennarinn sýni á hljóðfæri og nemandinn hermir eftir. Mikilvægt er að nemendur skilji og hafi forsendur til að skilja það sem kennarinn segir/sýnir til þess að geta yfirfært það og framkvæmt það sjálfir (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 59). Í valáfanganum eiga nemendur að læra að spila á hljóðfæri eða þróa kunnáttu sem þeir þegar hafa og er það gert með því að kennari sýnir hvernig það er gert, til dæmis með því að sýna grip eða hljóma og nemendur herma eftir. Einnig mun tónmenntarkennari styðjast við sýnikennslu í kennslustundum þar sem fjallað er um nótnaskrift, tónsmíði og útsetningu laga.

**Verklegar æfingar.** Verkleg kennsla byggist á því að blanda saman ýmsum kennsluáferðum og beita þeim með markvissum og áhugavekjandi hætti. Kennslan er alltaf að einhverjum hluta fræðileg og stefnt er að því að efla skilning, innsæi, hugmyndaflug og leikni í að takast á við krefjandi úrlausnarefni (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 109). Listnám er að mörgu leyti verklegt nám þar sem nemendur þurfa að læra ákveðin „vinnubrögð“ og oftast en ekki þurfa þeir að æfa og æfa til þess að ná tökum á því sem þeir stefna á að kunna. Í námsáfanganum er gert ráð fyrir að nemendur semji tónverk og í því ferli þurfa þeir á endurtekningu og æfingu að halda. Gert er ráð fyrir að kennslulotur fari einungis í það að æfa fyrir tónleika þar sem nemendur verða að æfa með því til dæmis að endurtaka, taka smá bít úr lagi og æfa það sérstaklega og svo framvegis. Kennarinn er til stuðnings og leiðbeinir og kemur með innspil og ráð eftir því sem við á.

**Leitarnám.** Aðferðin byggist á því að líkt er eftir vinnubrögðum vísindamanna og í sinni hreinustu mynd er aðferðin raunverulegar rannsóknir (Ingvar Sigurgeirsson, 1999, bls. 124). Leitarnámið hefur margt sameiginlegt með lífinu fyrir utan skólann þar sem við höfum



nánast endalausán aðgang að upplýsingum alls staðar í kringum okkur. Nemendur grunnskólans þurfa að þróa með sér færni til að takast á við þennan raunveruleika og er leitarnámið góð leið til þess (Pappas, 2009). Leitarnám byggist að miklu leyti á aðleiðslu sem felur í sér að nemendur vinna út frá rannsóknarspurningum, safna að sér gögnum, flokka og vinna út frá því (Rúnar Sigþórsson, 2003). Í námsáfanganum sem hér er um að ræða munu nemendur styðjast við leitaraðferðina þegar þeir leita að textum á netinu til þess að rýna betur í og nota til þess að sækja sér innblástur þegar þeir fara að semja texta.

Í ljósi fjölgreindarkenningu Gardners má segja að námsáfanginn styðjast við fagurfræðilega og reynslunálgun (sjá bls. 29).

### 3.5 Kennsluáætlun

Hér fyrir neðan er kennsluáætlun fyrir námsáfangann.

Tafla 2. Kennsluáætlun lotu 1.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur átti sig á til hvers er ætlast af þeim og að þeir setji sér persónuleg markmið.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur þekkja hvernig námsáfanginn er byggður upp.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur gera sér grein fyrir hvers er ætlast af þeim í námsáfanganum</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur hefja áfanganum með opnum huga og jákvætt viðhorf. Nemendur setja sér markmið fyrir það sem þeir vilja tileinka sér og afreka í áfanganum.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Tafla, töflutúss, útprentað grófskipulag sem kennarinn hefur búið til, tæki til tónlistarflutnings, tölvur.</p>		
<p><b>Kennsluáðferðir:</b> Spurnaraðferð, þankahríð, umræður.</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Fyrsta kennslulotan hefst með því að nemendur kynna sig og segja frá af hverju þeir hafa valið þennan áfanga. Nemendur segja einnig frá tónlistarlegum bakgrunni sem þeir hafa og væntingar þeirra til áfangans. Kennarinn kynnir námsmarkmið áfangans og segir stuttlega frá námsmati áfangans. Einnig verður kynnt skipulag fyrir áfangann og sem mun liggja til grundvallar fyrir framkvæmd áfangans. Enskukennari er einnig til staðar og gerir grein fyrir hvernig hugmyndin er að vinna við textagerð í enskútímum. Nemendur skrifa hjá sér nokkur, helst tvö til þrjú, persónuleg markmið sem þeir stefna á að ná í námsáfanganum, það mega vera fagleg markmið eins og að læra að spila á hljóðfæri, læra meiri ensku eða persónuleg markmið eins og að standa á sviði og syngja fyrir framan fullan sal og svo framvegis. Í lokin er hlustað á nokkur lög með mjög einfaldri uppbyggingu og rætt um hvernig lagið og textinn eru byggð upp. Dæmi um mismunandi lög verða tekin, eins og ástarlag, rapplag, lag með pólitískan texta, trúarlegt lag og svo framvegis. Kennarinn varpar fram spurningum eins og: Skiljið þið textann? Fyrir hvern er þetta lag samið? Hvernig höfðar það til ykkar? Hvað er textahöfundurinn raunverulega að segja? Nemendur fá í heimanám að velja eitt lag</p>		

sem þeir kynna sér vel með tilliti til texta, uppbyggingar og þess háttar. Mikilvægt er að allir nemendur fá að tjá sig og velta fyrir sér þessum spurningum þar sem þær liggja til grundvallar fyrir vinnuna framundan.

**Námsmat:**

Kennarar ígrunda saman eftir lotuna og meta frammistöðu nemenda með matskvarðanun sem liggur til grundvallar fyrir lokamat í áfanganum í huga (sjá fylgiskjal 1) þó svo að það sé of snemmt að ræða um alla þætti matskvarðans og verður áhuga og virkni nemenda skoðuð. Einnig verður skoðað hvernig þeir nemendur sem spila eitthvað á hljóðfæri dreifast á hljóðfæri með stofnun hljómsveitar í huga. Kennari heldur dagbók á meðan á áfanganum stendur og færir niðurstöður námsmats í hana.

Tafla 3. Kennsluáætlun lotu 2.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur læri að semja stutta laglínu.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur eiga að þekkja nokkrar leiðir til að semja lag/laglínu.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur eiga að geta samið stutta laglínu.</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur gera sér grein fyrir að það eru margar leiðir til að semja lag/laglínu og geta valið eina leið sem þeim finnst henta best sjálfir og sem þeir vilja svo vinna áfram með.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Tölva og skjávarpi, youtube, hljóðfæri eins og píanó og gítar, spjaldtölvur og snjallsímar. Einnig er hægt að nota önnur hljóðfæri eins og blásturshljóðfæri, stafspil og þess háttar ef einhverjir nemendur skyldu kunna að spila á þau.</p>		
<p><b>Kennsluaðferðir:</b> Sýnikennsla, þankahríð, verklegar æfingar, samvinnunám .</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Lotan hefst með því að skoða nokkur myndbönd og viðtöl við nokkra þekktra lagahöfunda þar sem þeir segja frá hvernig þeir vinna þegar þeir semja og útsetja tónlist. Mikilvægt er að velja myndbönd þar sem mismunandi sjónarhorn/aðferðir koma fram til þess að nemendur átta sig á að það er engin ein leið til að semja lag/tónlist, til dæmis er hægt að semja tónlist einungis eftir eyranu á meðan aðrir vilja skrifa allt niður á nótnablað og semja eftir reglum í hljóðfræði. Aðrir nota tölvur eða upptökutæki til að taka upp það sem þeir eru að semja og svo framvegis. Mikilvægt er að ræða í framhaldinu að mjög fá lög verða til í fyrstu tilraun og ein lítil hugmynd getur orðið að heilu lagi. Einnig er mikilvægt að nemendur átta sig á að þeir þurfa að gera margar tilraunir í sköpunarferlinu og að það er mikilvægt að vinna með öpunum huga. Nemendur kynna svo lag sem þeir hafa valið heima og segja frá af hverju lagið varð fyrir valinu og hvað þeim finnst um lagið. Einnig verður rætt um texta lagsins og nemendur koma með hugmyndir um hver sé merking textans. Rætt verður svo um innblástur og nemendur koma með hugmyndir og sínar skoðanir á hvar þeir geta fundið innblástur. Hugmyndir og skoðanir verða skráðar á töflu af kennara. Kennari sýnir svo nokkrar aðferðir sem hægt er að nota við tónsmíðar og fá nemendur þá að spreyta sig á hljóðfæri sjálfir. Nemendur vinna fyrst hver fyrir sig og fá ákveðið verkefni að leika sér á hljóðfærin og búa til laglínu. Nemendur spila svo laglínuna fyrir kennara og samnemenda. Síðan vinna nemendur saman í pörum og semja stutta laglínu. Þeir taka upp allar hugmyndir sem þeim finnst þess virði að geyma á spjaldtölvu eða snjallsíma. Í lokin verða umræður um hvernig það hefur gengið að þeirra mati og kennarinn passar að koma með hvetjandi áhugasemdir og hrós þar sem það á við. Mikilvægt er einnig að kennarinn komi</p>		

til skila að það er ekki ætlast til þess að nemendur eigi að vera eða verða tónlistarsnillingar eða atvinnulagahöfundar en að þeir séu að æfa sig og fást við eitthvað sem þeir hafa ekki gert mikið af áður.

**Námsmat:**

Kennari í grundar og skráir hjá sér athugasemdir um hvað sem vel gekk og hvað sem má bæta/laga. Einnig skoðar hann hverjir hafa náð þekkingar- leikni- og hæfnimarkmiðum lotunnar og hefur matskvarðann í huga þar sem hann skoðar áhuga, virkni og samvinnu sérstaklega (sjá fylgiskjal 1).

Tafla 4. Kennsluáætlun lotu 3

**Markmið** (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur læri ýmis hugtök og aðferðir til þess að skrá tónlist.

<b>Þekking</b>	<b>Leikni</b>	<b>Hæfni</b>
Nemendur eiga að þekkja uppbyggingu laga og hugtakið form. Nemendur eiga einnig að þekkja nokkrar aðferðir til að rita tónlist. Þekkja hugtökin erindi og viðlag.	Nemendur geta samið stutt stef og skráð það niður	Nemendur gera sér grein fyrir hvað þarf til að semja lag og velja sér aðferð til að rita tónlistina niður og meta afrakstur sinn og annarra.

**Kennslugögn:**

Hljóðfæri, spjaldtölvur, snjallsímar, nótnaforrit.

**Kennsluáætlun:**

Verklegar æfingar, sýnikennsla, þankahrið, fyrirlestur, samvinnunám.

**Uppbygging kennslustundar:**

Lotan hefst með því að kennari spyr hvernig dæmigert dægurlag er byggt upp. Gert er ráð fyrir að langflestir nemendur þekki uppbyggingu laga þó svo að kannski ekki allir geri sér grein fyrir að þeir viti það. Hugtök eins og erindi og viðlag eru lykilhugtök lotunnar og eru skoðuð nokkur dæmi og hlustað á nokkur lög ásamt því að greina lögin. Einnig er gott að koma að hugtökum eins og millispil, sóló og hækkun. Nemendur vinna saman í pörum, hlusta á lag og greina því með því að finna erindi og viðlag og skoða lengd erindi og viðlags. Farið verður yfir nokkrar leiðir til að rita tónlist eins og hefðbundin nótnaskrift og grafísk nótnaskrift. Nemendur æfa sig tveir saman að semja nokkur stutt stef og rita svo niður helst bæði með hefðbundna nótnaskrift og grafíska. Mikilvægt er að allir nemendur taki virkan þátt í að semja laglínuna og þarf kennarinn að vera meðvitaður um að hvetja alla árfam og gjarnan hjálpa nemendum af stað án þess að stýra of mikið. Nemendur nota spjaldtölvur og snjallsíma til að taka upp efni sem þeir vilja geyma og ef til vill nota seinna. Að lokum spila nemendur fyrir hvorn annan stef sem þeir hafa samið og ræða saman afrakstur lotunnar. Nemendur veita endurgjöf á uppbyggilegan og hvetjandi hátt og rökstyðja mál sitt.

**Námsmat:**

Kennari í grundar og skráir hjá sér hverjir hafa náð þekkingar- leikni- og hæfnimarkmiðum sem sett voru fyrir lotuna með því að skoða áhuga, virkni, samvinnu og afrakstur í sköpunarferlinu (sjá fylgiskjal 1). Einnig athugar kennari hvernig samstarf á milli nemenda gengur og skráir hjá sér. Sjálfsmat nemenda þar sem þeir fylla út sjálfsmatsblað (sjá fylgiskjal 2)

Tafla 5. Kennsluáætlun lotu 4.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur læri að semja erindi og viðlag og skrá það niður.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur eiga að þekkja uppbyggingu laga og nokkrar aðferðir til að rita tónlist. Þekkja hugtökin erindi og viðlag.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur eiga að semja erindi og viðlag og skrá það niður.</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur eiga að geta nýtt sér þeirra þekkingu sem þeir hafa til þess að semja lag með erindi og viðlagi og gera sér grein fyrir hvers konar aðferð þeir vilja styðjast við í vinnslu.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Hljóðfæri eins og píanó og gítar, spjaldtölvur og snjallsímar.</p>		
<p><b>Kennsluáðferðir:</b> Fyrirlestur, samvinnunám og verklegar æfingar</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Lotan hefst með því að kennarinn rifjar fljótlega upp það sem gert var í seinustu lotu og fjallar sérstaklega um uppbyggingu laga. Lag verður svo tekið fyrir og greina nemendur ásamt kennara lagið og skoða sérstaklega lengd erindis og viðlags og hlutfallslegt samband þar á milli. Nemendur vinna svo saman í pörum, hlusta á lag og greina það með því að finna erindi og viðlag og skoða lengd þeirra. Þar næst verður rifjað upp leiðir til þess að skrifa niður tónlist og sýnt nokkur dæmi. Rætt verður um hefðbundna og grafískra nótnaskrift og hvernig hægt er að nota hvoru tveggja. Einnig verður rætt um tölvuforrit sem hægt er að nota í nótnaskrift. Nemendur vinna saman í pörum og semja stutt erindi og viðlag og skrifa niður með því að nota hefðbundna nótnaskrift og grafískra nótnaskrift. Þeir taka upp það efni sem þeir vilja geyma og vinna meira með seinna. Gott er að hafa stuttan texta á ensku, það má vera ljóð eða þess háttar sem nemendur geta notað í sköpunarvinnunni sér til hjálpar. Einnig geta nemendur komið með texta sem þeir hafa samið sjálfir í enskum eða annars staðar. Kennari er til aðstoðar og passar að allir nemendur fái tækifæri til að taka virkan þátt og að andrúmsloftið sé afslappað og gott.</p>		
<p><b>Námsmat:</b> Kennari ígrundar og skráir hjá sér hverjir hafa náð námsmarkmiðum lotunnar og gerir áætlun um úrbætur ef þörf er Sérstaklega er skoðað áhuga, virkni, samvinnu og afrakstur í sköpunarferlinu (sjá fylgiskjal 1). Í lok lotunnar veitir kennari endurgjöf varðandi frammistöðu nemenda, hvar þeir eru staddir og hvað þeir þurfa að gera til að ná markmiðum sínum. Leiðsagnarmatið verður gert munnlega og á ekki að taka meira en 1–2 mínútur.</p>		

Tafla 6. Kennsluáætlun lotu 5.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur læri að spila hljóma á hljóðfæri eins og gítar og píanó og geta spilað einfalda laglínu.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur eiga að þekkja nokkra hljóma á hljóðfæri eins og gítar og píanó. Nemendur eiga einnig að þekkja grunnuppbyggingu</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur eiga að geta spilað nokkra hljóma á hljóðfæri eins og gítar og píanó.</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur eiga að geta notað þekkingu sína og leikni til þess að geta spilað einfalda laglínu og gera sér grein fyrir hverju þeir þurfa að bæta við sig til þess að</p>

þríhljóma í dúr og moll og þekkja nokkur undirstöðuatríði varðandi útsetningu laga.		geta spilað saman í hljómsveit.
<b>Kennslugögn:</b> Gítar, píanó, bassi og trommuset. Spjaldtölvur		
<b>Kennsluaðferðir:</b> Verklegar æfingar, sýnikennsla, umræður		
<b>Uppbygging kennslustundar:</b> Lotan er tvískipt og verður nemendahópnum skipt í tvennt. Helmingur nemenda byrjar hjá tónlistarskólakennara í hljóðfærakennslu og hinn helmingurinn byrjar hjá tónmenntakennara. Í hljóðfærakennslunni er gert ráð fyrir að nemendur eigi að læra að spila hljóma og kynnast hljómasamböndum. Áhersla verður lögð á að læra nokkra hljóma og algeng hljómasambönd og vendingar sem notað eru í dægurtónlist með því að taka dæmi úr nokkrum lögum sem nemendur þekkja og ef tími gefst verður kíkt á mjög einfalt lag sem nemendur reyna að spila í heild. Hjá tónmenntakennaranum verður unnið áfram með að semja lag og einnig verður smá innlögn í grunnatriðum í hljómfræði og útsetningu laga. Hér ber að varast að kennslan verði ekki of fræðileg þar sem það getur verið of erfitt að meðtaka fyrir nemendur. Gott er að nemendur læri hljómfræðina með því að hlusta og gera sér upp skoðun um hvað passar saman og hvað passar ekki saman frekar en að læra flóknar hljómfræðireglur. Nemendur sem hafa forsendur til þess eða áhuga mega þó kynna sér hljómfræði á fræðilegan hátt ef þeir vilja. Nemendur vinna svo með laglínurnar sem þeir hafa samið og reyna að finna hljóma sem passa við að þeirra mati. Mikilvægt er að andrúmsloftið í kennslustofunni sé afslappað og hvetjandi til þess að nemendur þori að leika sér og prófa sig áfram. Kennari þarf að vera meðvitaður um að hvetja nemendur til þess að prófa fleiri en eina hugmynd og þannig víkka sjóndeildarhringinn.		
<b>Námsmat:</b> Kennarar hittast og bera saman bækur sínar varðandi framvindu lotunnar og ræða framhald áfangans. Skráningar yfir hverjir ná markmið lotunnar með því að skoða áhuga, virkni, samvinnu, afrakstur í sköpunarferlinu og færni á hljóðfæri (sjá fylgiskjal 1).		

Lotur 6–10 verða eins í sniði og er gert ráð fyrir að nemendur fá kennslu á hljóðfæri auk þess sem þeir halda áfram að semja lag við texta sem þeir hafa unnið í enskukennslu jafnhliða kennslu í valáfanganum.

Tafla 7. Kennsluáætlun lota 6-10.

<b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunum er gert ráð fyrir að nemendur læri að spila hljóma og þekkja nokkur hljómasambönd sem þeir geta notað í lagasmíði.		
<b>Þekking</b> Nemendur þekkja helstu hljóma. Nemendur þekkja hvernig hægt er að semja og útsetja lag.	<b>Leikni</b> Nemendur geta spilað helstu hljóma á hljóðfæri að eigin vali. Nemendur geta samið og útsett lag.	<b>Hæfni</b> Nemendur gera sér grein fyrir hvað til þarf til þess að flytja lag og vinna saman í hljómsveit

**Kennslugögn:**

Gítar, píanó/hljómborð, bassi, trommur, spjaldtölvur.

**Kennsluaðferðir:**

Verklegar æfingar, samvinnunám, sýnikennsla, innlifunaraðferð og tjáning.

**Uppbygging kennslustundar:**

Loturnar eru tvískiptar eins og lota 5 og eru tónlistarskólakennarar til staðar og sjá um kennslu á hljóðfæri. Kennnt verður á gítar, trommur, bassa og píanó/hljómborð og velja nemendur núna þau hljóðfæri sem þeir vilja spila á í hljómsveitinni. Nemendur læra helstu hljóma og helstu samsetningu hljóma og æfa einföld dægurlög. Þeir nemendur sem læra á trommur læra einfaldan popp og rokk takt. Hjá tónmenntarkennara halda nemendur áfram að semja lag og undirspil við texta sem þeir hafa skrifað í enskúttíma. Miðað er við að allir hafi klárað að semja lag í lotu 10 og séu farnir að æfa það hjá tónlistarkólakennaranum. Einstaklingsbundið er hvenær nemendur eru tilbúnir að fara með sitt lag til tónlistarkennara, en það er gott að miða við að allir séu búnir að semja að minnsta kosti eitt lag í lotu 10. Enskukennari verður einnig til staðar og aðstoðar nemendur við að setja saman laglínu og texta. Nemendur vinna saman í þörum eða hver um sig eftir því sem þeim finnst henta best sjálfir. Lögð verður áherslu á að nemendur kynni hugmyndir sínar fyrir öðrum og veiti endurgjöf og ráðgjöf á uppbyggilegan hátt. Kennarar hafa hlutverk leiðbeinanda og eru til staðar til að aðstoða og leiðbeina sérstaklega í sambandi við útsetningu laga og að setja saman lag og texta. Kennari þarf að vera vakandi fyrir nemendum sem eiga erfitt með að koma með hugmyndir og hjálpa þeim og hvetja þau áfram.

**Námsmat:**

Ígrundun og fundir kennara þar sem farið verður yfir framvindu áfangans og ávallt með það í huga hvað sem þarf að laga og hverjir ná námsmarkmiðum og skrá það með áherslu á áhuga, virkni, samvinnu, afrakstur í sköpunarferlinu og færni á hljóðfæri (sjá fylgiskjal 1). Munnlegt leiðsagnarmat í lotu 7 og 10 þar sem kennari fer yfir stöðuna með nemenda með námsmarkmiðin til hliðsjónar. Sjálfsmat nemenda þar sem þeir fylla út sjálfsmatsblað eftir lotu 6 og 9 (sjá fylgiskjal 2) sem er partur af leiðsagnarmatinu og þar ígrunda nemendur sjálfir hvar þeir eru staddir, hvað þeir hafa lært og hvað þeir þurfa að gera í framhaldinu til þess að ná settum markmiðum.

Lotur 11-15 verða eins í uppbyggingu þar sem nemendur eru í æfingarferli og æfa lög sem þeir hafa samið sjálfir auk önnur lög ef vilji er til.

Tafla 8. Kennsluáætlun lota 11-15.

<b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið á kafla 3.1). Í lotunum er gert ráð fyrir að nemendur geti spilað saman í hljómsveit og geti flutt eigin lög.		
<b>Þekking</b> Nemendur eiga að þekkja hljóma og nokkur einföld dægurlög.	<b>Leikni</b> Nemendur geta spilað saman í hljómsveit lög sem þeir hafa samið sjálfir og lög annarra tónlistarmanna.	<b>Hæfni</b> Nemendur geta unnið og æft saman, virt skoðanir annarra og tekið leiðsögn.
<b>Kennslugögn:</b> Gítar, píanó/hljómborð, bassi, trommur, spjaldtölvur.		

**Kennsluaðferðir:**

Verklegar æfingar, samvinnunám, innlifunaraðferð og tjáning.

**Uppbygging kennslustundar:**

Loturnar eru hugsaðar til þess að æfa lögín sem nemendur hafa samið auk önnur lög sem þeir vilja spila. Nemendur æfa í hópum/hljómsveitum og spila öll lög nemendanna og stefnt er á að æfa tónleikaprógramm sem verður svo flutt fyrir foreldra, nemendur og aðra gesti. Tónlistarskólakennarar eru með til aðstoðar auk tónmenntakennara. Lögð verður áhersla á að nemendur geti unnið og æft saman sjálfstætt án of mikilla inngripa kennara. Nemendur nota spjaldtölvurnar til að taka upp, hlusta og meta. Mikilvægt er að leggja áherslu á uppbyggilega gagnrýni þegar hlustað er á upptökur. Kennarinn leiðbeinir og passar að nemendur fjalli um frammistöðu sína og annarra á jákvæðum nótum. Einnig passar kennari að nemendur noti tímann vel til æfinga og að þeir setj sér kröfur um gæði flutningsins. Nemendur og kennarar finna dagsetningu fyrir tónleika í sameiningu. Kennari er núna kominn með yfirsýn yfir öll lögín sem verða á tónleikunum.

**Námsmat:**

Ígrundun kennara og skráningar þar sem áhersla er lögð á áhuga, virkni, samvinnu, afrakstur í sköpunarferlinu og færni á hljóðfæri (sjá fylgiskjal 1). Sjálfsmat nemenda þar sem þeir fylla út sjálfsmatsblað eftir lotu 12 og 15 (sjá fylgiskjal 2).

Tafla 9. Kennsluáætlun lotu 16.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur verði færir um að spila heilt tónleikaprógram og að skipuleggja tónleika.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur eiga að þekkja nokkrar leiðir til þess að auglýsa viðburð, bæði á netinu og í öðrum formum.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur eiga að kunna að útbúa auglýsingar bæði rafrænt og á plakötum.</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur vita hvaða leiðir eru bestar til þess að auglýsa viðburð og velja þá leið sem þeir telja besta og meta hvað þarf til þess að fólk komi á tónleika sem þeir halda.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Gítar, bassi, trommusett, píanó/hljómborð, spjaldtölvur.</p>		
<p><b>Kennsluaðferðir:</b> Verklegar æfingar, sýnikennsla, samvinnunám, innlifunaraðferð og tjáning.</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Þessar síðustu lotur fara í að undirbúa tónleika þar sem nemendur koma fram og spila lögín sem þeir hafa æft. Nemendur þurfa að markaðssetja tónleikana sjálfir og vinna saman í hópum með að útbúa plaköt, stofna viðburð á Facebook og auglýsa á öðrum samfélagsmiðlum- og senda tölvupóst á skólastjórnenda, sveitarstjórnendur og aðra gesti. Rætt verður um fyrirkomulag tónleikana, hvort eigi að selja inn á þá og ef til vill hvert ágóðinn eigi að fara. Einnig þarf að ákveða tónleikastað, kynni og fara yfir önnur praktísk atriði eins og til dæmis hvort það þarf að leigja hljóðkerfi og þess háttar. Það sem eftir er af lotunnar verður varið í æfingar fyrir tónleikana. Gengið verður frá öllum praktískum atriðum í lotunni og hvaða nemendur beri ábyrgð á hverju atriði eins og að skaffa húsnæði, hljóðkerfi og svo framvegis. Kennari passar að allir hafi hlutverk í því samhengi. Gert er ráð fyrir að tónmenntarkennari einn sjái um þessu síðustu lotur áfangans.</p>		

**Námsmat:**

Ígrundun kennara og skráning yfir hverjir hafa náð markmiðunum. Skoðað verður áhugi og virkni, samvinna, afrakstur í sköpunarferlinu og færni á hljóðfæri. Munnlegt leiðsagnarmat í lok lotunnar þar sem nemendur fá ábendingar um hvað þeir þurfa að vinna sérstaklega með það sem eftir er af áfanganum.

Tafla 10. Kennsluáætlun lotu 17.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að halda opna generalprufu þar sem þeir sýna kennurum og samnemendum afrakstur vinnunnar.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur þekkja tónleikaprógrammið nægilega vel til þess að halda tónleika.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur eiga að geta spilað heilt tónleikaprógramm fyrir samnemenda og kennara</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur gera sér grein fyrir hvað þarf til þess að halda tónleika og spila fyrir framan áhorfendur. Nemendur meta eigin frammistöðu á uppbyggilegan hátt.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Gítar, bassi, píanó/hljómborð, trommur, myndavél.</p>		
<p><b>Kennsluáferðir:</b> Verklegar æfingar, umræður, innlifunaraðferð og tjáning.</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Næst síðasti lotan verður opin æfing fyrir samnemendur á elsta stigi skólans og kennara sem vilja koma og verður þetta fyrsta rennsli. Einnig koma þeir tónlistarskólakennarar sem hafa tekið þátt í áfanganum til þess að veita nemendum endurgjöf að æfingu lokinni. Æskilegt er að umsjónarkennarar á elsta stigi auk skólastjórnendur mæti á æfinguna og veiti nemendum endurgjöf og uppbyggilega gangrýni eftir á. Æfingin verður tekin upp á myndband sem nemendur geta skoðað sjálfir eftir á. Að lokinni æfingu setjast kennari og nemendur niður og fara yfir það sem vel gekk og það sem má bæta og skoða myndbandið. Nemendur veita hvor öðrum endurgjöf og gagnrýni á uppbyggilegan hátt. Að lokum verður staðan tekin á undirbúningsvinnunni fyrir tónleikana. Tónmenntakennari mun einnig sækjast eftir endurgjöf frá kennurum sem voru á æfingunni til þess að fá ábendingar um hvað sem betur má fara</p>		
<p><b>Námsmat:</b> Ígrundun og skráning kennara eins og í lotunum á undan (sjá fylgiskjal 1).Einnig hefst undirbúning lokamats í áfanganum þar sem kennarar skoða hjá sér allar skráningar og bera saman bækur sínar. Lokamat verður þversnið af öllum skráningum í lotunni.</p>		

Tafla 11. Kennsluáætlun lotu 18.

**Markmið** (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunni er gert ráð fyrir að leggja lokahönd á undirbúning tónleika og fara yfir námsáfanganum.



<b>Pekking</b> Nemendur þekkja tónleikaprógrammið nægilega vel til þess að halda tónleika.	<b>Leikni</b> Nemendur eiga að geta spilað heilt tónleikaprógramm fyrir samnemenda og kennara	<b>Hæfni</b> Nemendur gera sér grein fyrir hvað þeir hafa lært í valáfanganum og meta tilgang og þýðingu þess fyrir þá persónulega.
<b>Kennslugögn:</b> Gítar, bassi, píanó/hljómborð, trommur		
<b>Kennsluaðferðir:</b> Verklegr æfingar, innlifunaraðferð og tjáning, umræður.		
<b>Uppbygging kennslustundar:</b> Síðasti kennslulota í valáfanganum verður varin í að leggja lokahönd á lögin sem nemendur eiga svo að spila á tónleikum. Að því loknu setjast nemendur og kennari niður og ræða saman um hvernig til hefur tekist í valáfanganum. Kennarinn gerir stutta samantekt yfir það sem nemendur hafa gert í áfanganum og ber saman við markmiðin sem voru sett í upphafi annarinnar. Nemendur tjá sig um sína upplifun af áfanganum og segja frá hvað þeim hefur fundist standa upp úr. Mikilvægt er að allir fá tækifæri til að tjá sig og segja sína skoðun. Að lokum verður farið yfir öll praktísk atriði varðandi tónleikana sem eru framundan til þess að tryggja að allt sé tilbúið. Að lokum ræður kennari um tónleikana og hverju nemendur geta átt von á með tilliti til stress og væntingar sem þeir hafa til tónleikana sjálfir. Mikilvægt er að kennarinn leggi áherslu á að það á að vera gaman að spila fyrir fólk og að nemendur geti verið stoltir af því sem þeir hafa afrekað.		
<b>Námsmat:</b> Nemendur fá afhent sjálfsmatsblöð sem þeir fylla út (sjá fylgiskjal 2). Einnig fylla þeir út matsblöð þar sem áfanginn verður metinn og segja sína skoðun um hvað gekk vel og hvað má bæta. Lokamat áfangans frágengið (sjá fylgiskjal 1).		

Vert er að hafa í huga að tíminn getur orðið tæpur í síðustu lotu áfangans og getur kennari ákveðið að nota allan tímann til að leggja lokahönd á tónleika dagskrána. Hægt er þá að kalla saman nemendur þegar tónleikarnir eru afstaðnir til þess að fara yfir námsmátið og þess háttar með þeim eins og ráð var gert fyrir að gera í loklotunni.

### 3.6 Að semja texta.

Eins og áður var gert grein fyrir gerir aðalnámskrá ráð fyrir að nemendur vinni með mismunandi tegundir texta á erlendu tungumáli. Nemendur eiga meðal annars að geta tjáð sig um skoðanir sína, tilfinningar, reynslu og þekkingu auk þess sem að þeir eiga að geta leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 129).

Að semja lagatexta er ferli sem reynir á þessa færniþætti og er námsáfanginn sem hér er um að ræða hugsaður þannig að nemendur vinni í að semja texta í enskútímum undir leiðsögn enskukennara og koma með textann sinn svo í valtíma. Ritunarferli nemenda er

hugsað sem lítið þema þar sem þeir vinna einungis með ritun í fimm kennslustundir og verður unnið eftir eftirfarandi kennsluáætlun. Þar sem þetta eru viðmið sem aðalnámskrá setur fyrir alla nemendur, er hérna gert ráð fyrir að allir nemendur taki þátt í að vinna með lagatexta, ekki bara þeir sem velja tónlistaráfangann. Að þemavinnunni lokinni kemur enskukennari inn í val tíma þar sem hann aðstoðar nemendur með að þróa textana áfram til þess að þeir passi við lag sem þeir hafa samið.

Tafla 12. Kennsluáætlun lotu 1.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1) Í lotunni er gert ráð fyrir að nemendur eigi að verða tilbúnir til að hefja vinnu með að semja lagatexta á ensku.</p>		
<p><b>Þekking</b> Nemendur þekkja nokkra mismunandi texta.</p>	<p><b>Leikni</b> Nemendur geta greint texta og þekkja nokkur algeng orðasambönd í lagatextum.</p>	<p><b>Hæfni</b> Nemendur gera sér grein fyrir hvað þarf til að skrifa lagatexta og hafa skoðun á hvað þeim finnst vera góður lagatexti.</p>
<p><b>Kennslugögn:</b> Tölvur, youtube, internetið.</p>		
<p><b>Kennsluaðferðir:</b> Þankahríð, umræður, leitaraðferðin.</p>		
<p><b>Uppbygging kennslustundar:</b> Kennslulotan er 40 mínútur og hefst með því að kennari opnar umræðu um lagatexta. Kennarinn kemur með spurningar eins og hvað er góður lagatexti? Skiptir textinn máli? Flestir nemendur eiga sér hugsanlega upphaldslag og margir þeirra þekkja lagatextann vel. Rýnt verður í nokkra texta og lögð áhersla á viðfangefni textanna – hvað þeir í raun og veru fjalla um og uppbyggingu þeirra. Lögð verður áhersla á orð sem eru algengari en önnur orð, orðasambönd, samtenging textans og svo framvegis. Hugmyndavinna í lokin þar sem nemendur koma með hugmyndir að lagatexta og kennari skráir á töflu eða í tölvu. Nemendur fá svo það heimanám að skrifa u.þ.b. 100 orð sem eiga að vera upphaf að lagatexta.</p>		
<p><b>Námsmat:</b> Íhugun kennara eftir tíma.</p>		

Tafla 13. Kennsluáætlun lotu 2-5.

<p><b>Markmið</b> (sjá meginmarkmið í kafla 3.1). Í lotunum er gert ráð fyrir að nemendur semji lagatexta á ensku.</p>
--

<b>Pekking</b> Nemendur eiga að geta skrifað stuttan texta á ensku.	<b>Leikni</b> Nemendur eiga að geta tjáð tilfinningar og skoðanir sínar á ensku og samið texta sem þeir nota svo í tónlistarvaláfanga.	<b>Hæfni</b> Nemendur hafa kynnt sér mismunandi lagatexta og uppbyggingu þeirra og geta metið lagatexta eftir að hafa kynnt sér nokkra texta.
<b>Kennslugögn:</b> Tölvur.		
<b>Kennsluaðferðir:</b> Umræður, samvinnunám.		
<b>Uppbygging kennslustundar:</b> Lotan hefst með smá umræðum þar sem nemendur fá að tjá sig um hvernig þeim finnst hafa gengið að skrifa texta. Þeir lýsa þeim erfiðleikum sem þeir hafa ef til vill lent í á meðan áfanginn hefur staðið yfir. Nemendur halda svo áfram að semja texta og gengur kennari á milli og aðstoðar og leiðbeinir eftir þörfum. Nemendur mega hjálpast að og vinna saman ef þeir óska þess, en mikilvægt er að þeir nemendur sem eru í tónlistarvali semja sinn eigin texta sem þeir taka svo með sér í tónlistartíma.		
<b>Námsmat:</b> Leiðsagnarmat þar sem kennari veitir nemendum endurgjöf eftir að hafa lesið textanna þeirra. Nemendur vinna svo áfram með textann þegar þeir hafa fengið endurgjöf frá kennara og skila svo aftur til kennarans. Ferlið gengur svo fram og til baka á milli kennara og nemenda.		

### 3.7 Tónleikar

Námsáfanganum verður lokið með nemendatónleikum þar sem nemendur sýna afrakstur vinnunnar. Nemendur sjá alfarið um að skipuleggja tónleikana, ákveða tónleikastað, hvort það á að selja inn á þá eða hvort aðgangur á að vera ókeypis. Einnig sjá nemendur um öll tækniatriði sem til dæmis hljóðkerfi, hljóðblöndun og allt sem því fylgir með aðstoð kennara. Mikilvægt er að nemendur átti sig á hvað það er mikil vinna að halda tónleika af þessu tagi og að þeir taki virkan þátt í því.

Nemendur sjá um að markaðssetja tónleikana á samfélagsmiðlum eins og Facebook og Twitter og einnig búa þeir til plaköt sem þeir hengja upp á hentugum stöðum. Nemendur þurfa einnig að hugsa um önnur praktísk atriði eins og til dæmis hvort á að fá kynni utan skólans/bekkjarins og þess háttar.

### 3.8 Námsmat

Þar sem námsáfanginn sem hér er um að ræða er valáfangi verður ekki um að ræða próf. Hins vegar má segja að tónleikarnir sem nemendur halda verði einhvers konar lokapróf. Þegar um listnám er að ræða er eðlilegt að nemendur fái að sýna öðrum afrakstur námsins og er þess vegna tilvalið að halda tónleika fyrir foreldra og aðra þar sem nemendur spila lögina sem þeir hafa samið. Lög um grunnskóla kveða á um námsmat og er meðal annars sagt að námsmat sé

reglubundinn þáttur í skólastarfi og að tilgangur þess er að fylgjast með því hvernig nemendum tekst að mæta markmiðum aðalnámskrár og ná markmiðum sínum (Lög um grunnskóla nr. 91/2008, 27. gr.)

Í aðalnámskrá grunnskóla er einnig lögð áhersla á að námsmat eigi að vera í samræmi við sett námsmarkmið og að námsmatið eigi að meta alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni. Einnig eiga kennarar að hjálpa nemendum til raunhæfs sjálfsmats og gera þeim grein fyrir markmiðum náms og hvernig miðar í átt að þeim (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 28).

Í námsáfanganum verður námsmatið þrjúþætt, nánar tiltekið leiðsagnarmat, sjálfsmat og lokamat. Leiðsagnarmatið mun fara fram eftir kennslulotum þar sem kennarinn fer yfir með nemendum hvar þeir eru staddir í ferlinu og kemur með ábendingar um næstu skref í sköpunarferlinu. Mikilvægt er að leiðsagnarmatið verði hnitmiðað og skiljanlegt fyrir nemendur til þess að þeir geti notfært sér það í framhaldinu. Kennarinn leggur áherslu á eitt til tvö atriði í leiðsagnarmatinu hverju sinni til þess að það verði ekki of umfangsmikið og til að gera það auðvelt fyrir nemandann að tileinka sér.

Á þriggja vikna fresti fá nemendur sjálfsmatsblað í hendurnar þar sem þeir eiga að meta eigin frammistöðu og hvar þeir eru staddir miðað við námsmarkmiðin (sjá fylgiskjal 1). Einnig taka þeir stuttlega fram hvað þeir hafa lært. Tilgangur sjálfsmats er að nemendur meti sjálfir nám sitt svo þeir geti betur skilið hvað þarf til að ná árangri. Hægt er að skilgreina þrjár leiðir til að fá nemendur til að íhuga og meta. Þær eru að líta um öxl, að sanna sig og að tengja við viðmið (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, bls. 53). Sjálfsmatið sem stuðst verður við í þessu tilviki má segja að sé bæði að líta um öxl og að tengja við viðmið þar sem nemendur setjast niður á þriggja vikna fresti og íhuga hvað þeir hafa lært og færa það í orð á matsblöðum. Í sjálfsmatinu eiga þeir að lýsa stuttlega hvað þeir hafa lært og hvernig þeir sjá framhaldið fyrir sér, það er að segja hvað þeir þurfa að gera til þess að ná settum námsmarkmiðum. Sjálfsmatið og leiðsagnarmatið verður tengt mjög náið saman og er ætlast til þess að kennari og nemandi í sameiningu ákveði hvað þarf að gera í framhaldinu, hvort það þurfi að breyta einhverju eða hvort nemandinn sé á réttri leið til þess að ná þeim markmiðum sem sett voru í upphafi námsáfangans.

Í lokamatinu mun kennari styðjast við svokallaða sóknarkvarða (sjá fylgiskjal 2). Sóknarkvarðar eru hugsaðir sem leið til að auka áreiðanleika og réttmæti mats á viðfangsefnum nemenda og auðvelda kennurum að halda utan um skráningar. Tilgangur þess að nota sóknarkvarða í skólastarfi er meðal annars að námsmarkmiðin og viðmiðin verði skýrari og að nemendur geri sér betur grein fyrir til hvers er ætlast (Erna Ingibjörg Pálsdóttir,

2011, bls. 95). Mikilvægt er að sóknarkvarðinn sé sem áreiðanlegastur og að hann sýni rétta mynd af námsárangri nemenda (Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2011, bls. 95).

## 4. Umræður

Markmiðið með námsáfanganum sem ég hef lýst hér fyrir ofan er að bjóða upp á verklegan námsáfanga sem uppfylli kröfur um þekkingu, leikni og hæfni í aðalnámskrá grunnskóla og efli samstarf kennara sem taka þátt í áfanganum.

Ekki er ætlast til að nemendur verði hljóðfærasnillingar á þeim tíma sem námsáfanginn varir, frekar að þeir fái að upplifa gleðina við það að skapa og þá samheldni sem getur skapast þegar spilað er saman í hljómsveit.

### 4.1 Tónmennt og listnám í skólum

Tónlist og þá sérstaklega söngur leikur stórt hlutverk í lífi barna og þá sérstaklega í leik þeirra. Í leiknum hefur söngurinn mismunandi hlutverk og félagslegan tilgang. Að mati höfundar er mikilvægt að börn fái að halda áfram að leika sér með tónlist og skapandi þáttur tónlistarinnar verður hafður ofarlega í huga þegar kemur að því að huga að kennslu í tónmennt.

Oft og tíðum snýst skólaumræða á Íslandi, sem og í öðrum löndum, um færni grunnskólanemenda í grunngreinum eins og móturmáli og stærðfræði og gagnrýna margir skólakerfið fyrir að leggja ekki nægilega áherslu á þær greinar. Hugmyndin virðist vera sú að til að öðlast meira færni í grunngreinunum þurfi að einblína á þær. Af þeim greindum sem Howard Gardner fjallar um í fjölgreindarkenningunni má segja að aðaláherslan samkvæmt fyrrnefndri sýn eigi að vera á rök- og stærðfræðigreind og málgreind.

Það er hlutverk skólastjórnenda að vega og meta hvernig best er að útfæra kröfur aðalnámskrár til tímafjölda fyrir hverja námsgrein og á sama tíma koma til móts við þær raddir sem segja að ekki sé nægilegt þúður sett í kennslu grunngreina. Þá getur hættan verið sú að listgreinar verði undir í baráttunni um tímafjölda og áherslur í skólastarfinu. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að nemendur sem eru í tónlistarnámi, bæði innan skólans sem utan, koma ekki illa út í grunngreinum í samanburði við aðra nemendur í skólakerfinu (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 7; Thornton, 2013, bls. 5). Má því segja að aukið álag sem tónlistarnám getur haft með sér í för hafi ekki endilega neikvæð áhrif á námsgetu nemenda. Hér spilar að vísu margt annað inn eins og til dæmis stuðningur foreldra og námsgeta nemenda almennt.

Rannsóknir hafa einnig sýnt að tónlistarnám getur haft jákvæð og víðtæk áhrif á námsgetu nemenda og líðan þeirra (Fredens 2010, bls. 2; George og Coch, 2011, bls. 1090;

Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 15; Kraus og Chandrasekaran, 2010, bls. 600; Moreno, S. o.fl., 2011, bls. 1427 og 1429). Gott og öflugt listnám í skólum á þá samkvæmt þessu að hafa jákvæð áhrif á hæfni nemenda, einnig í grunngreinum, og segir okkur ef til vill líka að til þess að efla hæfni nemenda á ákveðnu námssviði er ekki nægilegt að einblína einungis á þær greinar, heldur þarf að horfa á einstaklinginn og námið sem heild. Út frá þessum niðurstöðum má álykta að kennsla í listgreinum sé ein af forsendum þess að efla hæfni nemenda í grunngreinum eins og íslensku og stærðfræði og að ef vel er staðið að því, hafa nemendur frekari tök á að ná góðum árangri í þeim greinum.

Tónlist og tónlistarnám á með öðrum orðum að skipa stóran sess í grunnskólanámi barna og má ekki bara einangrast í tónmenntarstofunni, heldur einnig vera til staðar í öðrum námsgreinum. Fjölgreindarkenningu Howard Gardners má nefna í því samhengi þar sem kenningin snýst meðal annars um að það læra ekki allir á sama hátt og að ekki geta allir lært allt (Gardner, 1993, bls. 10). Þess vegna mikilvægt að bjóða upp á fjölbreytta kennslu í mismunandi aðstæðum þar sem allir fá tækifæri til að njóta sín og hér getur tónmennt verið góð leið í því samhengi.

Tónmenntarkennsla í grunnskólanum á samkvæmt gildandi námskrá fyrst og fremst að byggja á áhuga nemenda og er sérstaklega tekið fram mikilvægi þess að virkja og efla áhuga nemendanna í tónmenntarnámi (Menntarmálaráðuneytið, 2007, bls. 23). Börn og unglingar hafa nánast undantekningarlaust einhvers konar tengsl við tónlist. Flestir þeirra hlusta á tónlist daglega og er tónlist stór hluti af heimi unglinga. Þess vegna er mikilvægt að nemendur í grunnskóla fá tækifæri til að iðka tónlist og stunda nám sem samræmist áhugasviði þeirra. Göran Holkestad (2006) kallar þetta óformlegt tónlistarnám og bendir á mikilvægi þess að skólinn sameini bæði formlegt og óformlegt tónlistarnám. Með því að fá að læra að spila á hljóðfæri hafa nemendur eitthvað varanlegt með sér í farteskinu sem þeir geta alltaf gripið í ef svo má segja.

Í námsáfanganum sem um er að ræða í þessu verkefni er gert ráð fyrir að nemendur tileinki sér nægilega þekkingu til að þeir geti haldið áfram ef áhugi er fyrir hendi og að þeir hafi réttu verkfærin í höndunum til þess að halda áfram að semja og spila tónlist. Eins og áður var tekið fram er ekki ætlast til þess að nemendur verði hljóðfærasmíllingar á tímabilinu, en að þeir tileinki sér nægilega þekkingu til þess að geta flutt lag í samspili með öðrum nemendum og hafa ef áhugi er til staðar eitthvað að grípa í sér til ánægju síðar á lífsleiðinni.

Með því að bjóða upp á verklegan áfanga í tónmennt á unglingsstigi er bæði hægt að koma til móts við áhugasvið nemenda og efla áhuga þeirra fyrir tónlist auk þess sem að það

getur haft fyrirbyggjandi áhrif á námsleiða. Vert er að taka fram að það eru margir þættir sem hafa áhrif á námsgetu og líðan nemenda og að einblína bara á listgreinar og tónlist í þeim efnum myndi gefa skakka mynd og er það ekki tilgangur ritgerðarinnar. Mikilvægt er að horfa á heildarmyndina og þar á tónmennt og tónlistarnám sitt pláss eins og svo margt annað. Í stað þess að rífast um hvaða grein er mikilvægari þurfa tónmenntarkennarinn og stærðfræðikennarinn að setjast niður og sjá hvað þeir í sameiningu geta gert til þess að efla og styrkja einstaklinginn. Hér eru endalausir möguleikar bæði fyrir samstarf og samþættingu.

#### **4.1 Samþætting námsgreina**

Mörg eru rökin fyrir að samþætta námsgreinar og eru margar leiðir til þess. Nokkrir fræðamenn hafa rannsakað áhrif samþættingar á námsárangur og námsgetu nemenda en erfitt er að benda á bein orsakasambönd þar sem málið er ansi samsett (margþætt) og margar breytur til staðar. Hins vegar má ekki hunsa þær niðurstöður sem hafa komið fram, það er að nemendur sýna náminu meira áhuga og eru ánægðari þegar þeir fást við samþættingu í námi (Ellis og Fouts, 2001, bls. 24; Guthrie, Wigfield og VonSecker, 1999, bls. 331) Einnig hvetur samþætting til meira samstarfs á milli nemenda (Feng, VanTassel-Baska, Quek, Bai, og O'Neill, 2004).

Ljóst er að til þess að geta dregið ályktanir um áhrif samþættingar námsgreina á fræðilegum grunni þurfa rannsakendur að taka mið af öllum breytum eins og til dæmis stuðningi foreldra við námið. Einnig er þörf fyrir samanburðarrannsóknir.

Samþætting námsgreina er mjög í anda fjölgreindarkenningar Howard Gardners þar sem nemendur fá að fást við verkefni á raunverulegan hátt, það er að segja námið líkist raunveruleikanum. Auk þess þurfa nemendur að kljást við verkefni á mismunandi hátt og frá ólíkum sjónarhornum og njóta þar með góðs af þeim greindum sem eru sterkar á sama tíma og hægt er að styrkja greindir sem eru ekki jafn sterkar. Samþætting námsgreina höfðar til mismunandi hæfileika nemenda og skapar að mínu mati meiri heild í náminu. Til þess að geta eflt (sem flest) greindarsvið nemenda er mikilvægt að skólinn bjóði upp á fjölbreyttar kennsluaðferðir og er samþætting námsgreina ein leið til þess.

Í námsáfanganum „Lagasmiðja“ er samþættingin aðallega á milli tónmenntar og ensku en segja má að upplýsingatækni komi einnig við sögu þar sem stuðst er við tölvur. Tónmennt er aðalgreinin og kemur enska inn sem aukagrein til þess að námsmarkmiðum áfangans verði náð. Ef skoðuð eru líkönin í kafla 2.10 er stuðst við líkan 3. Í skólum upplifa nemendur oft að námsgreinar séu mjög afmarkaðar. Þegar kennari vísar í aðrar námsgreinar til að reyna að tengja viðfangsefnið við eitthvað í reynsluheimi nemenda til þess að auðvelda þeim að



tileinka sér nýja þekkingu geta viðbrögð nemenda verið á þeim nótum að þeim finnst ekki eiga við að benda á aðra námsgreinar eða þeir skilja ekki tenginguna. Með því að samþætta námsgreinar falla þessi landamæri á milli námsgreina niður og ef vel er staðið að því fá nemendur heildstæðari kennslu sem getur gagnast þeim jafn vel, ef ekki betur en kennsla, þar sem hver kennari sér um „sína námsgrein“. Nemendur finna jafnvel meiri tilgangi með náminu en þeir annars myndu gera. Samþætt kennsluverkefni geta til dæmis haft mikið sameiginlegt við raunveruleikann og verið góð leið fyrir nemendur til að sjá tilganginn með lærdómnum.

Nemendur geta hugsanlega séð meiri tilgang í að semja lagatexta á ensku sem þeir svo nota sjálfir í tónlistarflutningi en bara að skrifa ljóð/texta í vinnubók og fá endurgjöf frá kennaranum sínum eingöngu. Nemendur kvarta oft yfir því að þurfa að gera alls konar verkefni og æfingar án þess að sjá tilganginn með því sem þeir gera og sem kennari fær maður oft þessar spurningu „af hverju þurfum við að gera þetta?“ Það á kannski helst við um skriflegar æfingar og ritun. Þegar nemendur skrifa texta sem einungis kennarinn les og metur, getur verið erfitt fyrir unglinginn að sjá tilgang með því að leggja sig fram en þegar nemendur vita að það á að vinna áfram með textann getur það haft jákvæð áhrif og þeir fá meiri tilfinningu fyrir eignarhaldi. Að vita að maður á eftir að flytja verk sitt fyrir foreldra og aðra gesti getur kveikt á áhuga og ekki síst metnaði á meðal nemenda auk þess sem námið verður hlutlægt og merkingarbært.

Samþætting er ekki eina leiðin til að nemendur fái áhuga eða metnað fyrir námi sínu og heldur ekki eina leiðin til að gera námið merkingarbært. Hún getur verið góð leið í sumum tilvikum en hentar kannski miður vel í öðrum. Áður en samþætting verður fyrir valinu sem kennsluáferð er mikilvægt að kennarar taki meðvitaða ákvörðun um hver tilgangur samþættingarinnar er og hvernig hún á að vera í framkvæmd. Kennarar þurfa að setja skýr námsmarkmið fyrir alla faggreinar innan samþætta verkefnisins og mikilvægt er að einstaka námsgreinar verði ekki „uppfyllingarefni“, það er að segja ef tilgangur við að flétta ákveðna námsgrein inn í verkefnið er ekki skilgreindur fyrirfram.

Sú hættu getur skapast að námsgreinar og þá sérstaklega listnámsgreinar missi sérstöðu sína í samþættu námsumhverfi og benda þeir Thomas Brewer (2002, bls. 31) og Timothy Shanahan (1997, bls. 15) á það þegar þeir vara við að samþætting getur gengið of langt. Þeir segja það geta haft í för með sér að einstaka námsgreinar missi gildi sem sér námsgrein og að samþættingin verði aðalatriðið en ekki námsgreinarnar sem á að kenna. Kennarar þurfa að vera vakandi fyrir þessu og samþætting námsgreina er ekki alltaf töfralausnin frekar en aðrar kennsluáferðir þegar kemur að kennslu á grunnskólastigi.

Vandlega þarf að velja þegar kemur að því að ákveða hvernig best er að standa að kennslu og þurfa kennarar ávallt að veita og meta hvaða aðferð hentar best hverju sinni.

## 4.2 Samstarf kennara

Þegar námsgreinar eru samþættar koma, eðli málsins samkvæmt, fleiri kennarar að skipulagningu og framkvæmd og tel ég það einungis vera kost þar sem kennarar fá tækifæri til að skiptast á hugmyndum og hjálpast að í staðinn fyrir að sitja hver í sínu horninu og „finna upp hjólið“ sjálfir aftur og aftur. Með því að skipuleggja samþættingu þar sem kennarar eru „neyddir“ til að vinna saman hvort sem þeim líkar betur eða verr má hafa hvetjandi áhrif á samstarfsvilja. Ég tel að samþætting námsgreina sem þáttur í daglegu lífi kennara geti haft góð áhrif á samstarfsanda og starfsmóral innan starfshópsins. Í skýrslu sem gerð var eftir að hafa starfað með samþættu námsefni í Fjölbrotarskóla Snæfellinga kemur fram að kennarar voru mjög ánægðir með að fá að vinna náið saman en bentu einnig á að samvinna kennara getur verið erfið á tímum (Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir, 2011, bls. 11). Í nánú samstarfi kennara geta þeir einnig metið sterkar hliðar sínar og veikar og skapað vettvang til að deila reynslu sinni og skipuleggja starfið saman (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2002).

Í kennsluverkefninu sem hér er um að ræða er einnig gert ráð fyrir samstarfi á milli grunn- og tónlistarskóla í mun víðtækari mynd en þekkt hér á landi. Hafðar eru í huga aðstæður í nærumhverfi höfundar þar sem grunn- og tónlistarskóli liggja mjög nálægt hvor öðrum og nemendur geta gengið á milli skólanna fyrirhafnarlaust svo að aðstæður eru að mörgu leyti tilvaldar fyrir náið samstarf á milli skólanna.

Miklir möguleikar eru fólgnir í því að taka tónlistarskólustarfið meira inn í grunnskólann og er hugsunin á bakvið námsáfangann meðal annars sú að efla samstarfið á milli skólanna. Gert er ráð fyrir að kennarar í báðum skólum vinni náið saman að sameiginlegu markmiði og þarf samstarf þeirra að vera gott og á jafningjagrundvelli. Mikilvægt er að þeir hafi svigrúm og tíma til þess að ræða og skipuleggja saman.

Faglegt námssamfélag styðst við teymisvinnu, rannsóknir og samfellt nám og lögð er áhersla á að efla og styrkja hver annan (MacGilchrist, Myers og Reed, 2004, bls. 102). Allir starfsmenn þátt og vinna saman til að ná settu markmiði, stundum þvert á skólastig og á milli skóla, og má segja að kennsluverkefnið sem hér er um að ræða geti verið eitt skref í áttina að faglegu námssamfélagi.

### 4.3 Skapandi skólastarf

Í aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti frá 2011 og greinasvið frá 2013, er mikil áhersla lögð á skapandi hugsun og skapandi starf innan skólans. Nemendur eiga að öðlast sem dýpstán skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu og gerist það meðal annars með því að áhersla verði lögð á frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011, bls. 38). Ljóst er að til þess að nemendur geti beitt skapandi hugsun þurfa þeir að fá tækifæri til þess og þjálfun í að leysa ýmis verkefni og vandamál á skapandi hátt og tel ég lagasmiðjuna vera tilvalið viðfangsefni fyrir nemendur til að beita skapandi hugsun, auk þess sem áfanginn er verklegur.

Í rannsóknarskýrslunni „Arts and cultural education in Iceland“ (2009) tekur Anne Bamford fram að áætlað sé að skapandi- og menningartengdar greinar séu á bakvið 7% af landsframleiðslu þróaðra landa og að spáð er um 10% vexti í þessum geira á ári (Bamford, 2009, bls. 97). Í ljósi þess er mikil þörf fyrir kennslu í skapandi og verklegum greinum þegar á grunnskólastigi þar sem þörfin fyrir vinnuafli með skapandi hæfileika og getu mun síaukast á komandi árum.

Margir nemendur á grunnskólastigi eiga í erfiðleikum með að finna sig alveg í skólanum og er mikið um brottfall úr íslenskum framhaldsskólum. Það er mín einlæga trú að með því að leggja áherslu á skapandi og verklegar greinar er hægt að sporna gegn þessari þróun þar sem nemendur geta stundað nám sem hentar þeim og áhugasviði þeirra betur. Námsleiði getur gert vart við sig snemma á skólaferlinum og er mikilvægt að skólinn gerir allt sem í valdi hans stendur til þess að komast hjá því að nemendur þrói með sér námsleiða. Nám í skapandi umhverfi þar sem nemendur fá að nota sköpunarkraft sinn og eigin hugmyndaauðgi hefur forvarnargildi og skiptir sköpun fyrir nemendur sem eru haldnir námsleiða (Elín G. Ólafsdóttir, 2004, bls. 30).

Ég tel að námsáfanginn „lagasmiðja“ og svipaðir námsáfangar geti verið hentugir fyrir nemendur sem eiga í basli með að tileinka sér svokallaðan bóklegan lærdóm. Að vinna á þennan hátt getur haft hvetjandi áhrif og hjálpað þeim að öðlast sjálfstraust og tilfinningu af að afreka eitthvað. Skólar geta meira að segja tekið ákvörðun um að bjóða þeim nemendum sérstaklega að taka valáfanga sem felur í sér skapandi og verklegt starf sem þeir telja þörf fyrir eða eru í áhættuhóp að þeirra mati, bæði vegna brottfalls eða áhættuhegðunar. Vert er þá að taka fram að áfanginn hentar öllum og er það ekki hugmynd höfundar að skólar velji sérstaklega nemendur sem taldir séu í einhvers konar áhættuhóp til þess að taka þátt í námsáfanganum. Áfanginn er valáfangi og á að standa öllum til boða, en möguleiki er fyrir að benda þeim nemendum sem myndu hafa gott af því að taka þátt að skrá sig ef áhugi er fyrir

hendi. Eins og áður var greint frá hefur tónlistarnám fyrirbyggjandi áhrif og sýna rannsóknir að þeir sem stunda skipulagt tónlistarnám sýna frávíkshegðun í minna mæli en þeir sem stunda ekki tónlistarnám (Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir, 2004, bls. 19–20).

Forvarnaráhrif tónlistarnáms er eitt og sér mjög góð rök fyrir að efla tónlistarkennslu í grunnskólum landsins. Það að börn og unglingar fái að taka þátt í að skapa og flytja tónlist skiptir miklu máli fyrir velferð þeirra og sjálfsmat og sjálfsmynd. Í dag eru kröfur til barna og unglunga mjög miklar og erfitt fyrir þá sem fóta sig ekki í skólakerfinu að finna sinn „stað“ ef svo má taka til orða. Fyrir nemendur með námsörðugleika er oft gott að fá að glíma við verkleg/hagnýt verkefni þar sem sköpunarkrafturinn fær að njóta sín og getur það haft jákvæð áhrif á afstöðu þeirra til skólakerfisins.

Kennsluhættir og námsumhverfi á unglíngastigi er ansi frábrugðið því umhverfi sem nemendur hafa vanist á fyrstu árum í grunnskóla þar sem bekkjarkennari sér um kennslu í mörgum námsgreinum og hefur tækifæri til að samþætta eða breyta eftir þörfum. Á unglíngastigi, eins og í framhaldsskóla, er kennsla í höndum faggreinakennara sem kynnast ekki nemendum á sama hátt og umsjónarkennari gerir og hafa þeir ekki sömu möguleika á að miða kennslu að þörfum hvers og eins (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 13–14) og sýna rannsóknir að mikil þörf er fyrir að aðlaga skólaumhverfi bæði á unglíngastigi og í framhaldsskóla betur að einstaklingum til þess að tryggja að nemendur fái nám við hæfi (Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson, 2013, bls. 18).

#### **4.4 Ávinningur námsáfangans.**

Í upphafi verkefnisins varpaði ég fram rannsóknarspurningunni *Hver er ávinningur samþættingar tónmenntar og ensku á unglíngastigi?* Fyrir utan að ná settum námsmarkmiðum fyrir áfangann (sjá tafla 1) tel ég að ávinningur af samþættingu tónmenntar og ensku vera margþættur. Nemendur ná að semja lag með enskum texta og að flytja lögin sín sjálfir með því að spila saman í hljómsveit og má segja að beinn afrakstur vinnunnar séu lögin sem nemendur hafa samið. Áfanginn verður mjög raunverulegur og starfa nemendur í raun og veru sem alvöru tónskáld og fá að upplifa sköpunarferlið eins og alvöru listamenn og fá og í leiðinni finna á eigin reynslu hvernig það er að vinna sem lagahöfundur. Það getur verið hvati fyrir suma til þess að halda áfram á skapandi braut.

Verklegt nám getur haft fyrirbyggjandi áhrif gegn brotfalli úr skóla. Nám í skapandi umhverfi þar sem nemendur fá að nota sköpunarkraft sinn og eigin hugmyndaauðgi hefur forvarnargildi og skiptir sköpun fyrir nemendur sem eru haldnir námsleiða (Elín G.

Ólafsdóttir, 2004, bls. 30). Áfanginn „Lagasmiðja“ getur með öðrum orðum haft fyrirbyggjandi áhrif á námsleiða og breytt afstöðu nemenda til náms þar sem hann kemur til móts við áhugasvið nemenda.

Heildstæð kennsla með samþættingu námsgreina getur einnig haft það að verkum að nemendur sjái meiri tilgang í því sem þeir eru að fást við þar sem verkefnið verður líkara raunverulegu lífi, auk þess að nemendur hafa eitthvað varanlegt með sér í farteskinu. Nemendur sem hafa mikinn áhuga á tónlist, en kannski minni áhuga á ensku geta séð meiri tilgang í ritunaræfingaum á ensku þegar þeir semja lagatexta á þann hátt sem lýst er í námsáfanganum í stað þess að vinna verkefni í vinnubók.

Samþætting námsgreina felur einnig í sér ákveðna hagræðingu í skólastarfinu þar sem nemendur vinna að tveimur faggreinum í einu. Í þessu tilviki er unnið með ritun og tónsmíði á sama tíma og hefur það með sér í för að faggreinakennarar hafa tækifæri til að taka fyrir aðra þætti í hefðbundnum kennslustundum.

Fyrir starfsfólk skólanna sem kemur að námsáfanganum getur ávinningurinn verið sá að fyrstu skrefin í áttina að faglegu námssamfélagi verði tekin, þar sem gert er ráð fyrir aukinni samvinnu á milli kennara innan skólans og á milli grunn- og tónlistarskóla og getur það orðið til frekari samstarfs í öðrum faggreinum. Ef vel er að slíku samstarfi staðið þá er það af hinu góða og getur eftt fagmennskuna innan kennslunnar.

#### **4.5 Hugsanlegar hindranir og vandamál tengd áfanganum.**

Þegar margir kennarar koma að einum námsáfanga er nokkuð ljóst að ýmis vandamál geta komið upp í ferlinu. Mikilvægt er að gera ráð fyrir að vandamál komi upp og er gott að hafa nokkur úrræði til að leysa úr þeim vandamálum. Samstarfserfiðleikar eru kannski það sem getur haft mest áhrif á framvindu námsáfangans og er nauðsynlegt að þeir fá ekki að lífa of lengi. Eins og lýst var hér fyrir ofan getur verið erfitt að vinna saman og krefst samvinna þess að allir leggi sig fram og séu tilbúnir að vinna að sameiginlegu markmiði. Samstarf kallar stundum á málamiðlanir og getur það verið erfitt, sérstaklega fyrir kennara sem hafa verið vanir að vinna sjálfstætt án þess að þurfa að ræða hugmyndir og útfærslur við aðra kennara.

Kennari sem fagmaður er í stöðugri sjálfskoðun með það í huga að bæta sig segir Sigrún Aðalbjarnardóttir (2002). Hún bætir einnig við að mikilvægt sé að stjórnendur skóla skapi kennurum aðstæður sem hvetja þá til að ígrunda kennslu sína og að mínu mati er gríðarlega mikilvægt að kennarar fái svigrúm til að vinna náið saman og skipuleggja og ígrunda starf sitt saman. Ef kennarar upplifa samstarf og samþættingu sem kvöð og aukið álag er hætta á því að árangurinn verði ekki eins og lagt var upp með og dregur það úr áhuga

nemenda og kennara fyrir að samþætta námsgreinar. Mikilvægt er að ræða vel saman við upphaf áfangans og kynna vel markmið hans, hvernig útfærslan er hugsað og hlutverk hvers og eins þátttakenda. Ef allir vita til hvers er ætlast af þeim eru minni líkur á að vandamál tengd samstarfi komi upp. Stuðningur skólastjórnenda skiptir miklu máli í því samhengi.

Þessi námsáfangi getur sérstaklega reynst vera ákveðin áskorun fyrir tónlistarskólakennara þar sem þeir þurfa bæði að kenna í litlum hópum og að starfa í teymi sem er frábrugðið því umhverfi sem er í tónlistarskólum þar sem oft er um einkakennslu að ræða og lítið um teymisvinnu. Þess vegna skiptir undirbúningur verkefnisins miklu máli og er mikilvægt að allir aðilar taka þátt í honum. Gott er að ræða opinskátt í undirbúningsvinnunni um hvers konar vandamál geta komið upp þegar og skapa góðan grundvöll fyrir opin og góð samskipti. Þegar vandamál koma upp er einnig mikilvægt að taka á þeim strax með opinn huga þar sem allar hliðar málsins koma fram. Ef vel er staðið að þessu tel ég að námsáfanginn hafi möguleika í sér til að verða góð reynsla og skemmtileg tilbreyting fyrir alla hlutaðeigandi.

Ljóst er að námsáfanginn eins og honum er lýst hér, verður frekar dýr í samanburði við aðra áfanga í skólanum þar sem svo margir kennarar koma að honum en tiltölulega fáir nemendur sitja hann. Það getur þess vegna orðið erfitt að fá samþykki hjá skólastjórnendum fyrir að bjóða upp á áfangann. Hins vegar má benda á að einnig er ætlast til þess að ná námsmarkmiðum í ensku og má því á sama tíma segja að um ákveðna hagræðingu sé að ræða.

Áfanginn tekur einnig mikið pláss þar sem ætlast er til að kennsla fari fram í mörgum stofum og getur það verið erfitt í framkvæmd en með því að hafa hluta af kennslunni í húsnaði tónlistarskólans er vel hægt að framkvæma áfangann að mínu mati.

Hér er um skapandi starf að ræða og alltaf hætta á því að nemendur fái smá sviðsskrekki þegar kemur að því að sýna afrakstur vinnunnar og hafa flestir tónlistarkennarar upplifað að nemendur beinlínis hafa hætt við á síðustu stundu. Eftirfylgni og stuðningur eru hér lykilatriði og er mikilvægt að kennarar sem taka þátt í áfanganum gæti þess að fylgja nemendum vel eftir og styðja þá til þess að þeir öðlist trú á því sem þeir eru að gera og fái sjálfstraust.

#### **4.6 Hugsanlegt framhald af námsáfanganum.**

Slíkan áfanga er að mínu mati hægt að framkvæma á nánast hvaða hátt sem er. Ein leið er til dæmis að samþætta tónmennt með íslensku og vinna þá nemendur texta á íslensku. Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að nemendur eigi við lok 10. bekkjar að geta skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki og geta beitt orðaforða við hæfi (Mennta-

og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 103). Rökrétt er þá að mínu mati að nemendur fái að spreyta sig sem textahöfundar á íslensku líka. Samstarf á milli íslensku- og tónmenntarkennara myndi þá fara fram á sama hátt og ég er búin að lýsa hér áður.

Auðvitað er hægt að framkvæma áfangann á hvaða tungumáli sem er en forsendur eru þær að nemendur hafi nægilegt vald á tungumálinu til þess að geta skrifað texta og er til dæmis hægt að bjóða upp á sams konar verkefni í dönsku.

Námsáfanginn býður einnig upp á að samþætta við upplýsinga- og tæknimennt og má segja að nú þegar heyrir áfanginn að hluta til undir upplýsinga- og tæknimennt þar sem notast er við tölvur og tölvuforrit í kennslunni. Hægt er einnig að ganga skrefinu lengra og láta nemendur gera tónlistarmyndband þegar lag og texti er tilbúið til flutnings. Gerð tónlistarmyndbands kallar á margs konar vinnu og má nefna handritsgerð, ákveða staðsetningu fyrir tölur, upptökur, mynd- og hljóðvinnsla. Tónlistarmyndband er miðill sem flestir unglingar þekkja og tel ég að sú vinna mun vera skemmtileg og áhugaverð auk þess sem sú vinna myndi vera góð leið til þess að ná þeim kennslumarkmiðum sem eru sett í aðalnámskrá grunnskóla fyrir upplýsingatækni.

Önnur hugmynd er að gera heimildarmyndband um námsáfangann þar sem hópur nemenda fylgir framvindu áfangans og festa á mynd og vinna að sem sér verkefni. Það getur til dæmis verið viðfangsefni í fjölmiðlaáfangi. Afrakstur vinnunnar er svo hægt að sýna á skólasýningu eða birta á heimasíðu skólans. Einnig er hægt að samþætta námsáfanganum við leiklistaráfanga og þá til dæmis semja texta og tónlist við leikið efni. Hér eru möguleikarnir nánast óendanlegir.

Í áfanganum eru nemendur úr 8. til 10. bekk og fara þeir í gegnum sama ferlið. Gera má ráð fyrir að sumir nemendur vilja halda áfram í tónlist og tel ég mjög mikilvægt að þeir fái tækifæri til þess. Hægt er að bjóða upp á sams konar áfanga á hverju skólaári en þá verður að aðlaga hann að þeim nemendum sem velja hann aftur. Það er vel hægt að mínu mati þar sem kennt á að vera það sveigjanleg að hún er við hæfi allra.

Við gerð verkefnisins hef ég haft aðstæður í nærumhverfinu mínu til hliðsjónar, það er að segja hvernig skólaumhverfið er hér í Rangárbíngi. Hér eru grunnskólar og tónlistarskóli staðsettir það nálægt hvor öðrum að vel er hægt að framkvæma áfangann. Sem dæmi má nefna að á Hvolsvelli er grunnskóli og tónlistarskóli í sama húsi svo að segja. Lítið hefur hins vegar verið um samstarf á milli skólanna fyrir utan forskólakennslu. Mikil sérfræðipækning er til staðar á báðum skólastigum og tel ég að nemendur geti notið góðs af því í miklu meiri mæli en þeir gera núna. Í mínum huga er samstarf bara af því góða og er afraksturinn oftast þess virði þó svo að vinnuferlið geti stundum verið krefjandi og erfitt. Allir sem vinna í

skólum, óháð á hvaða skólastigi, eiga að mínu mati að einblína á það sama, það er að segja hagsmuni nemenda. Samfélag okkar í dag kallar á samráð og samstarf og þá er það ábyrgð okkar allra að svara því kalli. Eins og svo frægt er orðað þá þarf heilt þorp til að ala upp barn.



## Heimildaskrá

- Abril, C. R. og Gault, B. M. (2006) The state of music in the elementary school: The principal's perspective. *Journal of research in music education*, 54(1), 6–20. Sótt 23. nóvember 2013 af <http://jrm.sagepub.com/content/54/1/6.full.pdf+html>
- Armstrong, T. (2001). *Fjölgreindir í skólastofnunni* (Erla Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: JPV Útgáfa (upphaflega gefið út 2000).
- Auður Torfadóttir, Brynhildur Anna Ragnarsdóttir og Samúel Lefever. (2006). *Enskukennsla í 4. og 5. bekk grunnskólans. Hvað kunna þau?* Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Sótt 11. mars 2014 af [http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/enskukennslabarna.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/enskukennslabarna.pdf)
- Bamford, A. (2009). *Arts and cultural education in Iceland*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið (rafræn útgáfa).
- Berglind Axelsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Sólrún Guðjónsdóttir. (2011). Samþætting námsgreina hafa fleiri kosti en galla. Sagt frá þróunarverkefni í Fjölbrautaskóla Snæfellinga. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 28. júní 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2011/alm/001/001.pdf>
- Bjørlykke, R. Å. (1999). *Musikk på tvers*. Oslo: Tano Aschehoug.
- Bolam, R., McMahon, A., Stoll, L., Thomas, S., Wallace, M., Greenwood, A., o.fl. (2005). *Creating and sustaining effective professional learning communities*. Rannsóknarskýrsla nr. 637. Bristol: The University of Bristol. Sótt 14. júní 2013 af <http://webarchive.nationalarchives.gov.uk/20130401151715/https://www.education.gov.uk/publications/eOrderingDownload/RR637-2.pdf>
- Brewer, T. M. (2002). Integrated curriculum: What benefit? *Arts education policy review*, 103(4), 31-36. Sótt þann 28. júlí 2013 af <http://fac.teachers.ab.ca/SiteCollectionDocuments/FAC.teachers.ab.ca/Advocacy%20Articles/7.pdf>
- Bøe, O. M. (2010). „Vi har musikk i skolen for å bli bedre til å synge!“: Elevens egen stemme om sang i skolens musikkopplæring. *Acta Didactica Norge*, 4(1), 1-20. Sótt 3. febrúar 2013 <http://adno.no/index.php/adno/article/view/152>
- DiEdwardio, M. P. (2005). Pairing linguistic and musical intelligence. *Kappa delta pi record*, 41(3), 18–130. Sótt 4. ágúst 2013 af <http://search.proquest.com/docview/232057569?accountid=27513>
- Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun* (Gunnar Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (Upphaflega gefið út 1938).
- Elín G. Ólafsdóttir. (2004). *Nemandinn í nærmynd. Skapandi nám í fjölbreyttu umhverfi*.

- Reykjavík: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Ellis, A. K. og Fouts, J. T. (2001). Interdisciplinary curriculum: The research base: The decision to approach music curriculum from an interdisciplinary perspective should include a consideration of all the possible benefits and drawbacks. *Music educators journal*, 87(5), 22–26. Sótt 17. nóvember af <http://mej.sagepub.com/content/87/5/22>
- Erna Ingibjörg Pálsdóttir. (2011). *Fjölbreyttar leiðir í námsmat*. Reykjavík: Iðnú.
- Eyjólfur Már Sigurðsson og Tungumálamiðstöð, H. Í. (2003). *Hvað eru nemendur að hugsa?*
- Feng, A. X., VanTassel-Baska, J., Quek, C., Bai, W. og O'Neill, B. (2004). A longitudinal assessment of gifted students' learning using the integrated curriculum model (ICM): impacts and perceptions of the William and Mary language arts and science curriculum. *Roeper review*, 27(2), 78–83. Sótt 18. nóvember 2013 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=0e913071-3b05-4570-9a30-9b7a3b82be17%40sessionmgr4&vid=1&hid=10&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=f5h&AN=16002138>
- Folkestad, G. (2006). Formal and informal learning situations or practices vs formal and informal ways of learning. *British journal of music education*, 23(2), 135–145. Sótt 11. nóvember 2013 af <http://journals.cambridge.org/action/displayFulltext?type=1&fid=449103&jid=BME&volumeId=23&issueId=02&aid=449102&bodyId=&membershipNumber=&societyETOCSession=>
- Fredens, K. (2010). Fremtiden tilhører det musikalske menneske. All the signs point to musical training being powerful at any point in life. *New scientist*, 30. Sótt 15. desember 2013 af <http://www.kum.dk/Documents/Temaer/Musikkonference%202012/Musikkonferenceartikel%20Musikundervisningens%20vigtige%20betydning.pdf>
- Gardner, H. (1993). *Multiple intelligences: The theory in practice*. New York: BasicBooks.
- George, E. M. og Coch, Donna. (2011). Music training and working memory: An ERP study. *Neuropsychologia*, 49, 1083–1094. Sótt 3. ágúst af [http://ac.els-cdn.com/S0028393211000613/1-s2.0-S0028393211000613-main.pdf?\\_tid=c8a3974c-fd69-11e2-a0cd-00000aab0f02&acdnat=1375664335\\_9d10bf563a25f93a4e6064f43f6eefa9](http://ac.els-cdn.com/S0028393211000613/1-s2.0-S0028393211000613-main.pdf?_tid=c8a3974c-fd69-11e2-a0cd-00000aab0f02&acdnat=1375664335_9d10bf563a25f93a4e6064f43f6eefa9)
- Guthrie, J. T., Wigfield, A. og VonSecker, C. (1999). Effects of integrated instruction on motivation and strategy use in reading. *Journal of educational psychology*, 92, 331–341. Sótt 8. nóvember 2013 af <http://cori.umd.edu/research-publications/2000-guthrie-wigfield-vonsecker.pdf>
- Hafdís Guðjónsdóttir, Matthildur Guðmundsdóttir og Árdís Ívarsdóttir. (2005). *Fagleg*

- kennsla í fyrrirruði*. Reykjavík: Höfundur.
- Hjalti Jón Sveinsson og Rúnar Sigþórsson. (2013). *Úr grunnskóla í framhaldsskóla: áskorarnir og tækifæri fyrir nemenda*. Óbirt meistaraþrófsritgerð: Háskólinn á Akureyri.
- Hovdenak, S. S. (ritstjóri). (2007). *Musikk - mulighetenes fag*. Bergen: Fagbokforlaget
- Humphries, C. A., Bidner, S. og Edwards, C. (2011). Integrated learning with physical education and music. *Clearing house*, 84(5), 174–179. Sótt 3. ágúst 2013 af <http://web.ebscohost.com/ehost/pdfviewer/pdfviewer?sid=5741af79-bde2-4929-8a32-6f7c8c2b7a00%40sessionmgr4005&vid=2&hid=4214>
- Inga Dóra Sigfúsdóttir og Bryndís Björk Ásgeirsdóttir. (2004). *Um gildi tónlistarnáms fyrir íslensk ungmenni*. Reykjavík: Rannsóknir og greining. Sótt 15. júlí 2013 af <http://www.ru.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=11732>
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluáðferðanna*. Reykjavík: Iðnú.
- Johnson, D.W., Johnson, R. T. og Holubec, E. J. (1994). *Cooperative learning in the classroom*. Alexandria Va: Association for supervision and curriculum development.
- Kraus, N. og Chandrasekaran, B. (2010). Music training for the development of auditory skills. *Nature reviews. Neuroscience*, 11(8), 599–605. Sótt 10. október 2013 af <http://www.ohioslha.org/pdf/Convention/2013%20Handouts/AUDSC13F.pdf>
- Kulturskoleutvalget. (2010). *Kulturskoleløftet. Kulturskole for alle*. Oslo: Kunnskapsdepartementet. Sótt 5. febrúar 2013 af [http://www.musikerorg.no/\\_upl/kulturskoleutvalget\\_07.09.2010.pdf](http://www.musikerorg.no/_upl/kulturskoleutvalget_07.09.2010.pdf)
- Lilja M. Jónsdóttir. (1996). *Skapandi skólastarf*. Reykjavík: Námsgagnastofnun
- Little, J.W og Horn, I. S. (2007). „Normalizing“ problems of practice: converting routine conversation into a resource for learning in professional communities. Í L. Stoll og K. S. Louis (ritstjórar), *Professional learning communities. Divergence, depth and dilemmas* (bls. 79–91). Maidenhead: McGraw Hill/Open University Press.
- Lov um grunnskolen og den vidaregåande opplæringa (opplæringslova)*.
- Lovísa Kristjánsdóttir, Laufey Bjarnadóttir og Samúel Lefever. (2006). *Úttekt á enskukennslu í grunnskólumveturinn 2005-2006*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið. Sótt 5. mars 2014 af [http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/enskukennsla.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/enskukennsla.pdf)
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008*.
- MacGilchrist, B., Myers, K. og Reed, J. (2004). *The Intelligent school*. London: Sage.

- Menntamálaráðuneytið. (2000). *Aðalnámskrá tónlistarskóla, almennur hluti*  
 Sótt 10. janúar af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/> <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-listaskola/>
- Menntamálaráðuneytið. (2007). *Aðalnámskrá grunnskóla, listgreinar*. Sótt 10. janúar af <http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/SearchResult.xsp?documentId=EF6276C5AA94C826002576F00058DC12&action=openDocument>
- Mennta- og menningamálaráðuneyti. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti*. Sótt 15. janúar 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Mennta- og menningamálaráðuneyti. (2013). *Aðalnámskrá grunnskóla, greinasvið*. Sótt 24. apríl 2013 af <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>
- Moreno, S., Bialystok, E., Barac, R., Schellenberg, E. G., Cepeda, N. J. og Chau, T. (2011). Short-term music training enhances verbal intelligence and executive function. *Psychological science*, 22(11), 1425–1433. Sótt 3. ágúst 2013 af <http://pss.sagepub.com/content/22/11/1425.full.pdf+html>
- Pappas, M. L. (2009). Inquiry and 21st-century learning. *School library media activities monthly*, 25(9), 49-51.
- Rúnar Sigþórsson. (2003). *Aðleiðsla sem kennsluáferð*. Sótt 1 desember 2013 af <http://skolar.skagafjordur.is/sfs/adleidsla.php>
- Shanahan, T. (1997). Reading-writing relationships, thematic units, inquiry learning. In pursuit of effective integrated literacy instruction. *Reading teacher*, 51(1), 12–19.
- Sigrún Aðalalbjarnardóttir. (2002). Í eilífri leit. Virðing og fagmennska kennara. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt 30. maí 2013 af <http://netla.hi.is/greinar/2002/005/03/index.htm>
- Snowman, J. og McCown, R. (2011). *Psychology applied to teaching*. Belmont: Wadsworth Pub. Co.
- Sæbø, A. B. (2009). *Kunst og kultur i opplæringen et forprosjekt for tiltak 25 i skapende læring: Muligheter og sentrale utfordringer for estetiske fag og estetiske læreprosesser i grunnskolen opplæring med tanke på elevens helhetlige læring og utvikling*. Oslo: Utdanningsdirektoratet. Sótt 10. febrúar 2013 af [http://desk.udir.no/Upload/Rapporter/2009/5/kunst\\_kultur\\_opplaring.pdf](http://desk.udir.no/Upload/Rapporter/2009/5/kunst_kultur_opplaring.pdf)
- Thornton, L. (2013). A comparison of state assessment scores between music and nonmusic

- students. *Update: Application and research in music education*, 32(1), 5–11. Sótt 22. nóvember 2013 af <http://upd.sagepub.com/content/32/1/5.full.pdf+html>
- VanTassel-Baska, J., Zuo, L., Avery, L. D. og Little, C. A. (2002). A curriculum study of gifted-student learning in the language arts. *Gifted child quarterly*, 43(1), 30–44. Sótt 24. nóvember 2013 af <http://gcq.sagepub.com/content/46/1/30.full.pdf+html>
- Youm, H. K. (2007). Processes used by music, visual arts, media, and first-grade classroom teachers for developing and implementing an integrated curriculum: A case study. *Update: Application and research in music education*, 26(1), 41–52. Sótt 28. júlí 2013 af <http://upd.sagepub.com/content/26/1/41>
- Zhbanova, K. S., Rule, A. C., Montgomery, S. E., Nielsen, L. E. (2010). Defining the difference: Comparing integrated and traditional single-subject lessons. *Early childhood education journal*, 38(4), 251–258. Sótt 2. ágúst 2013 af <http://link.springer.com/content/pdf/10.1007%2Fs10643-010-0405-1.pdf>

## Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1. Matsblað sem notað verður í lok áfangans.

	A	B	C	D
Áhugi og virkni	Nemandinn hefur verið mjög áhugasamur í námsáfanganum og tekið mjög virkan þátt í starfinu sem fram hefur farið	Nemandinn hefur verið nokkuð áhugasamur í námsáfanganum og tekið virkan þátt í starfinu sem fram hefur farið.	Nemandinn hefur sýnt viðfangsefninu áhuga, en hefði mátt taka virkari þátt í starfinu sem fram hefur farið.	Nemandinn hefur sýnt viðfangsefninu lítinn áhuga og hefur tekið lítinn þátt í starfinu sem fram hefur farið.
Samvinna	Nemandinn hefur unnið mjög vel með öðrum og sýnt frumkvæði og tillitssemi í samvinnu.	Nemandinn hefur unnið nokkuð vel með öðrum og hefur sýnt nokkuð frumkvæði og tillitssemi.	Nemandinn hefur unnið nokkuð vel, en hefði mátt sýna meira frumkvæði og tillitssemi í samstarfi.	Nemandinn hefur lítið lagt sig fram í samvinnunni og hefur sjaldan sýnt frumkvæði og tillitssemi.
Afrakstur í sköpunarferlinu	Nemandinn hefur náð mjög góðum árangri í áfanganum og náð þeim markmiðum sem voru sett fyrirfram.	Nemandinn hefur náð nokkuð góðum árangri í áfanganum og náð flestum markmiðum sem voru sett fyrirfram.	Nemandinn hefur náð sæmilegum árangri í áfanganum og hefur náð sumum af þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.	Nemandinn hefur lítið afrekað í áfanganum og ekki náð þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.
Færni á hljóðfæri	Nemandinn hefur náð mjög góðri færni á hljóðfæri og náð þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.	Nemandinn hefur náð nokkuð góðri færni á hljóðfæri og hefur náð flestum þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.	Nemandinn hefur náð sæmilegri færni á hljóðfæri og hefur náð sumum af þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.	Nemandinn hefur lagt sig lítið fram við að tileinka sér færni á hljóðfæri og hefur ekki náð þeim markmiðum sem sett voru fyrirfram.

Fylgiskjal 2. Matsblað sem notað verður í sjálfsmati nemenda.

Nafn: \_\_\_\_\_

Það sem ég hef lært:

Markmið mitt:

Ég ætla að ná markmiðinu með því að:

Það sem ég get gert betur: